I have the honour to confirm that in view of the exceptional dependence of the Icelandic nation upon coastal fisheries for their livelihood and economic development, and without prejudice to the rights of the United Kingdom under international Law towards a third party, the contents of Your Excellency's Note are acceptable to the United Kingdom and the settlement of the dispute has been accomplished on the terms stated therein. I also confirm that the United Kingdom Government agrees that the settlement becomes effective forthwith and that the Notes exchanged today shall be registered with the Secretary-General of the United Nations in accordance with Article 102 of the United Nations Charter.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurance of my highest consideration.

Andrew C. Stewart.

His Excellency
Mr. Guðmundur Í. Guðmundsson,
Minister for Foreign Affairs,
Reykjavík.

Fylgiskjal (kort).



Samkvæmt heimild í þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi hinn 9. marz 1961 um lausn fiskveiðideilunnar við Breta, gerði utanríkisráðherran ofangreindan samning, sem birtur var með auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 4, dags. 11. marz 1961.

Nr. 195.

Afnám vegabréfsáritana.

Með erindum, dags. 20. júní 1947, hafa sendiherra Íslands í London, og utanríkisráðherra Bretlands gert samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara annars landsins, sem ferðast vilja í hinu. Samkomulag þetta breytir ekki reglum þeim, sem gilda um landgöngu-, dvalar- og atvinnuleyfi, segir í auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 101, dags. 29. júní 1947.

Í framhaldi af ofangreindu samkomulagi tilkynnti utanríkisráðuneytið í London, í erindi dags. 26. október, 1948, að ákveðið hafi verið að íslenzkir ríkisborgarar, með gildandi vegabréf þurfi ekki að láta árita þau, ef þeir vilji ferðast til eftirfarandi landa: Newfoundland, Suður Rhodesia, Aden, Bahamaeyjar, Barbados, Basutolands, Verndarsvæðisins Bechuanaland, Bermuda, Brezk Guiana, Brezkt Honduras, Brunei, Cyprus, Falklands eyjur, Malajalönd, Fiji, Jamaica, Leeward eyjar (Antigua, St. Kitts Nevis, Montserrat, Virgin Islands), Mauritius, Norður Borneo, Norður Rhodesia, St. Helena, Seychelles, Sierra Leone, Singapore, Swaziland, Tanganíka, Trinidad, Uganda, Western Pacific (Gilbert and Ellice Islands, British Solomon Island), Windward Islands (Dominica, Grenada, St. Lucia, St. Vincent), Zanzibar.

Í 3. grein tilkynningarinnar segir:

3.— a) It is understood that the waiver of the visa does not exempt Icelandic citizens travelling to any of the territories mentioned in the Annex from the necessity of complying with the laws and regulations in force in the particular territory concerning the entry into it, or residence (temporary or permanent) and employment or occupation in it, of foreigners, and that travellers who are unable to satisfy the competent authorities in the territory that they comply with those laws and regulations are liable to be refused leave to enter or land.

b) In most British overseas territories foreigners are not permitted to remain for more than a limited period, which does not normally exceed six months and may be less, without special authority, and they may be called upon as a condition of entry to provide reasonable evidence (such as a return or onward transport ticket) of their intention to leave the territory within the specified period. Similarly, foreigners wishing to undertake employment in such territories are usually required to obtain prior permission to do so and to produce proof of such permission before being admitted. Requirements, however, differ as between one territory and another, and it is therefore suggested that any notice or advice regarding the abolition of visas in relation to British overseas territories should emphasise the importance of intending travellers acquainting themselves fully with the requirements of the Immigration Laws and Regulations of the territory which they propose to visit.

Utanríkisráðuneytið birti auglýsingu nr. 81, dags. 9. nóvember 1948 um þessa tilkynningu.

Brezka utanríkisráðuneytið tilkynnti með erindi, dags. 25. apríl 1949, að aftur þyrfti áritanir á vegabréf þeirra er vildu ferðast til Newfoundland. (Það varð hluti af Kanada 1. apríl 1949), Norður-Borneo með erindi dags. 1. október 1951 og Cyprus með erindi dags. 6. nóvember 1956, (En eyjan varð sjálfstætt ríki árið 1960). Hinsvegar hafa bæzt við Kenya, (tilkynnt 11. nóvember 1949), Gibraltar (tilkynnt 4. september 1955) og Sarawak (tilkynnt 25. ágúst 1955).

CEYLON

Ceylon er aðili að neðangreindum samningum við Bretland, sem prentaðir eru í samningasafni þessu:

Nr 175. Friðar- og verzlunarsamningur, dags. 13. febrúar 1660—61.
Nr. 176. Friðar- og verzlunarsamningur, dags. 11. júlí 1670.
Nr. 180. Samningur um framsal sakamanna, dags. 31. marz 1873.
Nr. 182. Viðbótarsamningur við samning um framsal sakamanna, dags. 25. október 1938.
Nr. 184. Samningur um framsal strokumanna af kaupskipum, dags. 21. júní 1881.
Nr. 188. Sáttmáli um gerðardóm, dags. 22. marz 1937.

CHÍLE

Nr. 196. *Berlín, 4. febrúar 1899.*

Verzlunar- og siglingasamningur.

Tratado de Comercio i de Navegacion.

Art. I.

Las Altas Partes Contratantes se garantizan reciprocamente el tratamiento de la Nacion mas favorecida en todo lo que concierne a sus respectivos nacionales, i en materia de comercio i de navegacion. En consecuencia los subditos i productos de Dinamarca en Chile i los ciudadanos i los productos chilenos en Dinamarca, seràn admitidos al goce de cualquier favor, privilejio o inmunidad que en Dinamarca o en Chile se acordaren a los ciudadanos i productos de cualquiera otra Nacion.

Art. II.

En el caso en que el Gobierno de Chile acordare tarifas especiales de aduana a los productos de cualquier otro Estado de la América Central o Meridional, queda entendido que esas tarifas especiales no podran ser reclamadas por Dinamarca con motivo del derecho de la Nacion mas favorecida, miéntras que no sean estendidas a otros terceros Estados que no forman parte del Continente Centro o Sud-Americano.

Art. III.

El presente tratado sera ratificado i las ratificaciones seràn canjeadas en Berlin lo mas pronto posible, i obligarà a las Altas Partes Contratantes hasta que le ponga fin un desahucio de doce meses, que podra ser notificado en cualquier tiempo por una u otra de las Partes.

En fe de lo cual los Plenipotenciarios de Dinamarca i Chile, han firmado el presente tratado en doble ejemplar en Berlin, a 4 de febrero de 1899.

E. Vind. Ramon Subercaseaux.

Er ofangreindur samningur var lagður fyrir þingið í Chíle til staðfestingar, neitaði þingið hennar, og stóð svo til ársins 1905, er aðalræðismaður Dana í Valparaiso fékk umboð til að semja. Varð þá samkomulag um viðbótarákvæði þau, sem birt eru hér á eftir (samningur nr. 197), til að tryggja það að Danmörk gæti ekki krafist sömu kjara sem Chíle kynni að veita nágrannaríkjum í Mið- og Suður-Ameríku. Var síðan skipzt á staðfestingarskrám fyrir báða samningana í Berlín 9. apríl 1907.

Samningarnir hafa ekki verið birtir á Íslandi.

Nr. 197. *Santiagó, 30. nóvember 1905.*

Viðbótargreinar við verzlunar- og siglingasamning, dags. 4. febrúar 1899.

Articulos Adicionales al Tratado de Comercio i Navegacion firmado el cuatro de febrero de 1899.

Art. I.

La escepcion del tratamiento de nacion mas favorecida, estipulada en el articulo II serà aplicable a las franquicias comerciales de toda especie, lo mismo que a las concesiones especiales en materia de derechos de puertos i muelles e impuestos de faros u otros impuestos a la navegacion, de tal manera que Dinamarca no podrà reclamar las franquicias o favores en estas materias que sean acordadas a algun Estado de Centro o Sud-América, siempre que no sean acordadas a ningun Estado fuera del Continente Centro- o Sud-Americano.

Art. II.

Ambos Contratantes se reservan el derecho de alterar las leyes i reglamentos que rijen el comercio de cabotaje en favor de los armadores nacionales. Chile podrà estender estos favores a los armadores de los otros Estados Centro- i Sud-Americanos, i Dinamarca a los armadores de los otros Estados Escandinavos, sin poder Dinamarca reclamar las franquicias concedidas por Chile a los Estados Centro i Sud-Americanos, ni Chile las concedidas por Dinamarca a los Estados Escandinavos, siempre que no se hagan estensivas a ningun Estado fuera de los mencionados.

Art. III.

En el caso que surjiren diverjencias entre las Altas Partes Contratantes sobre la interpretacion i aplicacion del Tratado (incluyendo el articulo adicional) que no puedan ser allanadas por medio de negociaciones diplomàticas, seràn sometidas al arbitraje en la Corte permanente de arbitraje en La Haya.

Art. IV.

Este articulo adicional tendrà la misma fuerza que tendria si formase parte del Tratado mismo i permanecerà vijente el mismo que éste. Debe ser ratificado i las ratificaciones se canjearàn en Berlin lo mas pronto posible.

En fe de lo cual los infrascritos firmaron i sellaron el presente Protocolo en doble ejemplar, en Santiago, a los 30 dias del mes de noviembre del ano 1905.

Jean H. Thierry. J. Puga Borne.

Varðandi samning þennan vísast til athugasemda við samning nr. 196, hér næst á undan.

DANMÖRK

Nr. 198 *Kaupmannahöfn, 15. oktober 1927.*

Samningur um gagnkvæma afhendingu úr söfnum á bókum og skjölum.

Overenskomst om gensidig Udveksling af Arkivsager.

Eftir að dansk-íslenska ráðgjafarnefndin á samfundi sínum í Kaupmannahöfn 1925, hefir rætt um skipun skjalamálsins milli Íslands og Danmerkur, eins og það horfir við eftir viðurkenningu Danmerkur á Íslandi sem fullvalda ríki, svo og um afhendingu vissra skjala úr dönskum söfnum, og eftir að sjerfróð nefnd, skipuð mönnum frá báðum löndum, hefir haft málið til nákvæmrar íhugunar, hafa danska og íslenska stjórnin, í samræmi við það samkomulag sem náðst hefir og eftir fengnum tillögum, orðið ásáttar um eftirfarandi samning:

1. grein.

Ríkisskjalasafn Danmerkur lætur af hendi til þjóðskjalasafns Íslands skjöl þau, sem að mestu eða öllu leyti varða Ísland, eftir þeim reglum, sem fylgt hefir verið við samningu skrár þeirrar, sem er fylgiskjal 1.

"Islandske Lovkommissions Arbejder" og "Kommissionen angaaende Isl. alm. Væsen af 1785," sem getið er í fylgiskjalinu, verður komið fyrir til geymslu í þjóðskjalasafni Íslands, en verður áfram eign Ríkisskjalasafns Danmerkur, þannig að það sem er í vörslu þess skal því aðeins afhent aftur, að rökstudd tillaga frá Ríkisskjalasafni Danmerkur fái samþykki danska kenslumálaráðuneytisins, eftir að leitað hefir verið álits dansk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar um málið.

2. grein.

Þjóðskjalasafn Íslands lætur af hendi til Ríkisskjalasafns Danmerkur tillögubækur, registranta og brjefabækur um tímabilið 1848-1904.

3. grein.

Ef seinna skyldu koma fram við röðun skjala í skjalasafni annarshvors landsins skjöl, sem eftir meginreglum ofangreindrar skipunar tilheyra hinu landinu, skal afhenda þau. Ef það skyldi koma í ljós, að þjóðskjalasafn Íslands hefir nú í vörslu sinni jarðabækur o. þessh. þær, sem Danir hafa látið af hendi, í afriti eða öðruvísi, afhendir það Ríkisskjalasafni Danmerkur afritið eða tvítakið.

4. grein.

Forstöðumenn skjalasafnanna mega í eigin umdæmi lána milli safnanna, þó skal það safnið, sem útlánið fær, standa kostnað af sendingunni með verðtryggingu.

5. grein.

Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn og Ríkisskjalasafn Danmerkur afhenda þjóðskjalasafni Íslands embættisskjöl þau, sem um er getið í fylgiskjali 2.

6. grein.

Árna Magnússonar safnið í Kaupmannahöfn lætur af hendi til þjóðskjalasafns Íslands skjöl þau, sem á sínum tíma voru lánuð Árna Magnússyni úr íslenzkum embættisskjalasöfnum, samkvæmt hjálögðu fylgiskjali 3.

7. grein.

Hæstirjettur Danmerkur lætur af hendi til þjóðskjalasafns Íslands þau hæstaréttarmál, sem talin eru á áfestri skrá, fylgiskjal 4.

Gert í tveim eintökum í Kaupmannahöfn, 15. október 1927.

Sveinn Björnsson. Th. Madsen-Mygdal.

Útdráttur úr samningi þessum var birtur með auglýsingu forsætisráðherrans nr. 65, dags. 7. desember 1927.

Ekki þótti ástæða til að birta hinar löngu skrár, sem vísað er til í samningnum.

Nr. 199. *Þingvöllum, 27. júní 1930.*

Samningur um aðferðina við úrlausn deilumála.

Overenskomst angaaende Fremgangsmaaden ved Bilæggelse af Tvistigheder.

Hin konunglega íslenzka og hin konunglega danska ríkisstjórn, sem óska eindregið að styðja að því að deilumál milli landanna verði útkljáð með gerð, hafa, með það fyrir augum, orðið ásátt um að ákveða með samningi aðferðina við úrlausn á deilumálum, sem kynnu að rísa milli Íslands og Danmerkur, og hafa útnefnt sem fulltrúa sína:

Hin konunglega íslenzka stjórn:
Herra forsætisráðherra *Tryggva Þórhallsson,*

Hin konunglega danska stjórn:
Herra ríkisráðherra *Th. Stauning,*
sem með gildu umboði, hafa orðið ásáttir um það sem hér fer á eftir.

1. grein.

Réttardeilum sem kynnu að rísa milli Íslands og Danmerkur, sem hægt er að heimfæra undir einhverja þeirra tegunda, sem nefndar eru í 36. gr. 2. málsgrein í reglugerð fasta alþjóðadómstólsins, skal, svo framarlega sem ekki hefir tekizt að jafna deilurnar með venjulegum mála-

Den kongeliga danske og den kongelige islandske Regering, der er besjælede af Ønsket om at fremme Bestræbelserne for Afgörelse ved Voldgift af Tvistigheder mellem Landene, er i dette Øjemed blevet enige om at afslutte en Overenskomst angaaende Fremgangsmaaden ved Bilæggelse af Tvistigheder, som maatte opstaa mellem Danmark og Island, og har i denne Anledning udnævnt som deres Befuldmægtigede:

Den kongelige danske Regering:
Hr. Statsminister *Th. Stauning,*

Den kongelige islandske Regering:
Hr. Førsteminister *Tryggvi Þórhallsson,*
som, med behørig Bemyndigelse, er blevet enige om følgende:

Artikel 1.

Retstvistigheder, som maatte opstaa mellem Danmark og Island, og som kan henføres til nogen af de i Artikel 36, 2. Stk. i Statuten for den faste mellemfolkelige Domstol nævnte Arter, skal, saafremt de ikke har kunnet løses ad sædvanlig Forhandlingsvej eller ved

miðlunum eða með sáttameðferð í íslenzk-dönsku sambandslaganefndinni, vísað til úrlausnar fyrnefnds dómstóls í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Deilur, sem samningsaðilarnir hafa, með öðrum samningum í gildi milli þeirra, skuldbundið sig til að útkljá með sérstakri dóms- eða gjörðardómsmeðferð, sbr. sérstaklega 17. grein íslenzk-dönsku sambandslaganna, skulu sæta þeirri meðferð, sem ákvæði þessara samninga mæla fyrir um.

Ágreiningur um skilning á samningi þessum skal úrskurðaður af fasta alþjóðadómstólnum.

2. gr.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að láta allar aðrar deilur en þær, sem nefndar eru í 1. grein, sæta gerðardómsmeðferð stamkvæmt eftirfarandi ákvæðum. Áður en gerðardómsmeðferð hefst, munu aðilarnir, eftir að hafa borið málið undir íslenzk-dönsku sambandslaganefndina, leitast við að vísa málinu til rannsóknar og sáttameðferðar fyrir sérstakri þartil útnefndri sáttanefnd eða sáttasemjara.

Aðilarnir eru ásáttir um, að deilur þær, sem þessi grein fjallar um, skulu leystar á grundvelli réttlætis og sanngirni.

3. grein.

Sé ekki öðruvísi umsamið, skal gerðardómur sá, er fer með deilumál samkvæmt 2. grein þessa samnings, útnefndur í samræmi við ákvæði IV. þáttar II. kapítula Haagsamþykktarinnar frá 18. október 1907 um jöfnun deilumála milli ríkja með friðsamlegum hætti.

4. grein.

Að svo miklu leyti, sem aðilarnir taka ekki aðra ákvörðun um gerðardómsmeðferð, skulu ákvæðin í IV. þætti III. kapítula Haagsamþykktarinnar frá 18. október 1907 um jöfnun deilumála milli

Forligsbehandling i det dansk-islandske Nævn, henvises til Afgørelse af nævnte Domstol i Henhold til Bestemmelserne i den omhandlede Statut.

Tvistigheder, som de kontraherende Parter ved andre mellem dem gældende Overenskomster har forpligtet sig til at løse gennem Anvendelsen af en særlig Behandling ved Domstol eller Voldgiftsret, jfr. saaledes særlig dansk-islandsk Forbundslovs § 17, skal behandles i Henhold til Bestemmelserne i disse Overenskomster.

Meningsforskelligheder vedrørende Fortolkningen af denne Overenskomst skal afgøres af den faste mellemfolkelige Domstol.

Artikel 2.

De kontraherende Parter forpligter sig til at henvise til Voldgiftsbehandling ifølge nedenstaaende Bestemmelser alle andre end de i Artikel 1 nævnte Tvistigheder. Forinden en Sag gøres til Genstand for Voldgiftsbehandling, vil Parterne efter at have forelagt Spørgsmaalet til Drøftelse i det dansk-islandske Nævn søge Sagen henvist til Undersøgelses- og Forligsbehandling af et særligt dertil nedsat Forligsnævn eller Forligsmægler.

Parterne er enige om, at Tvistigheder, som omhandles i denne Artikel, skal afgøres efter Grundsætningerne for Ret og Billighed.

Artikel 3.

Forsaavidt Parterne ikke træffer anden Overenskomst, skal Voldgiftsretten til Behandling af Tvistigheder ifølge Artikel 2 i denne Overenskomst nedsættes i Overensstemmelse med Bestemmelserne i Afsnit IV, Kapitel II, i Haagerkonventionen af 18. Oktober 1907 til Afgørelse ad fredelig Vej af mellemfolkelige Tvistigheder.

Artikel 4.

I det Omfang, Parterne ikke har truffet anden Bestemmelse angaaende Behandling ved Voldgift, skal Bestemmelserne i Afsnit IV, Kapitel III i Haagerkonventionen af 18. Oktober 1907 til Afgørelse

ríkja með friðsamlegum hætti koma til framkvæmda.

Verði slíkt gerðardómssamkomulag, sem umræðir í nefndri Haagsamþykkt, ekki undirritað áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því annar aðilinn bar upp við hinn tilmæli um að deiluatriðinu skuli vísa til gerðardóms, skal gerðardómssamkomulagið, samkvæmt ósk annars aðilans, gert á þann hátt, er mælt er fyrir um í 53 og 54. grein nefndrar Haagsamþykktar.

Í þeim tilfellum, að í samningi þessum er vísað til ákvæða Haagsamþyktarinnar, skal ákvæða þessara gætt milli aðilanna, án tillits til þess, hvort samþykkt þessi er gildandi fyrir þá.

ad fredelig Vej af mellemfolkelige Tvistigheder komme til Anvendelse.

Saafremt saadan Voldgiftsaftale som omhandlet i den nævnte Haagerkonvention ikke undertegnes inden 6 Maaneder, efter at den ene Part overfor den anden har fremsat Begæring om Tvistighedens Henvisning til Voldgift, skal Voldgiftsaftalen paa Begæring af enhver af Parterne fastsættes paa den Maade, der er foreskrevet i Artiklerne 53 og 54 i den nævnte Haagerkonvention.

I de Tilfælde, hvor nærværende Overenskomst henviser til Bestemmelserne i Haagerkonventionen, skal disse Bestemmelser anvendes mellem Parterne uden Hensyn til, om sidstnævnte Konvention er gældende for Parterne.

5. grein.

Að ósk annars aðilans skal gerðardómurinn mæla fyrir um þær bráðabirgðaráðstafanir, sem ber að gera til þess að vernda réttarstöðu þessa sama aðila, svo framarlega sem hægt er að gera þessar ráðstafanir með framkvæmdarathöfnum.

Artikel 5.

Voldgiftsretten skal paa Begæring af en af Parterne angive de foreløbige Forholdsregler, som bør iagttages til Værn af denne Parts Retsstilling, forsaavidt disse Foranstaltninger kan træffes ad administrativ Vej.

6. grein.

Sé ástæða til þess talin skal í dómsorði gerðardómsins tekið fram, hvernig dóminum skuli fullnægt, einkanlega að því er snertir þá fresti sem gæta ber.

Artikel 6.

Voldgiftskendelsen skal, naar der findes Anledning dertil, indeholde en Tilkendegivelse af, hvorledes den skal bringes til Udførelse, navnlig vedrørende de Tidsfrister, som derved skal iagttages.

7. grein.

Að því er snertir málefni, sem samkvæmt löggjöf þess lands, sem krafan er á hendur gerð, eiga að sæta úrlausn dómstóls, hérmeð einnig taldir umboðsstjórnar-dómar, getur hlutaðeigandi aðili ekki krafizt, að aðferð sú, sem nefnd er í 1. og 2. grein, verði viðhöfð, áður en endanleg dómsniðurstaða er fengin. Í slíku tilfelli skal málinu vísað til dóms eða gerðardóms í síðasta lagi ári eftir að málinu hafði verði ráðið þannig til lykta.

Artikel 7.

Hvad angaar Spørgsmaal, som i Medfør af Lovgivningen i det Land, mod hvilket Krav fremsættes, skal afgøres af Domstolene, hvorved i denne Forbindelse ogsaa forstaas Forvaltningsdomstole, kan vedkommende Part ikke forlange, at den i Artikel 1 eller 2 omhandlede Fremgangsmaade kommer til Anvendelse, forinden endelig Afgørelse er truffet gennem Sagens Behandling ved Domstolen. I dette Tilfælde skal Tvistighedens Henvisning til Dom eller Voldgift ske senest et Aar efter saadan Afgørelse.

8. grein.

Ef að því er lýst yfir í uppkveðnum dómi eða gerðardómi, að ákvörðun eða framkvæmd dóms eða annars yfirvalds annarshvors ríkisins fari að einhverju leyti eða öllu í bága við alþjóðarétt, og ef að stjórnlög þessa ríkis leyfa ekki að afmá að öllu eða einhverju leyti aðleiðingarnar af slíkri ákvörðun, eða framkvæmd, þá eru aðilarnir ásáttir um, að í dóminum eða gerðinni megi dæma þeim aðilanum er misrétti hefir verið beittur hæfilegar bætur á annan hátt.

9. grein.

Meðan að stendur á dóms- eða gerðardómsmeðferð skuldbinda samningsaðilarnir sig til þess að leiða hjá sér, svo sem frekast er unnt, hverskonar ráðstöfun sem getur orðið til tálmunar fullnægingu dómsins eða gerðarinnar.

Aðilarnir skulu, að viðlögðum drengskap, hlíta dóms- eða gerðardómsniðurstöðunni.

10. grein.

Deilur, sem kynnu að rísa milli aðilanna, snertandi skilning eða framkvæmd dómsins eða gerðarinnar, skulu, sé ekki öðru vísi ákveðið, útkljáðar af þeim rétti, sem kvað upp dóminn eða gerðina.

11. grein.

Samþykki Alþingis Íslands og Ríkisþings Dana er áskilið að samningi þessum.

12. grein.

Samningur þessi gengur í gildi þegar hann, eftir að samþykki Alþingis Íslendinga og Ríkisþings Dana er fengið, hefir hlotið fullgildingu stjórnanna tveggja. Um fullgildinu þessa skal gera sérstaka bókun.

Samningurinn gildir í 20 ár frá gildistöku. Ef honum verður ekki sagt upp minnst tveimur árum fyrir lok þessa tímabils, gildir hann í önnur 20 ár, og skal framvegis álítast gildandi fyrir 20 ára tímabil, svo framarlega sem honum

Artikel 8.

Dersom det i en Dom eller Voldgiftskendelse erklæres, at en Beslutning eller en Foranstaltning af en Domstol eller anden Myndighed i den ene Stat helt eller delvis er i Strid med Folkeretten, og kan ifølge denne Stats Forfatning Følgerne af saadan Beslutning eller Foranstaltning ikke helt eller delvis afbødes, er Parterne enige om, at der ved Dommen eller Voldgiftskendelsen kan tilkendes den forurettede Part passende Godtgørelse paa anden Maade.

Artikel 9.

De kontraherende Parter forpligter sig til under den stedfindende Doms- eller Voldgifsbehandling i størst muligt Omfang at undgaa enhver Foranstaltning, som kan modvirke Doms- eller Voldgiftskendelsens Fuldbyrdelse.

Parterne skal efterkomme den ved Dommen eller Voldgiftskendelsen trufne Afgørelse paa Tro og Love.

Artikel 10.

Tvistigheder, som maatte opstaa mellem Parterne angaaende Fortolkningen eller Gennemførelsen af Dommen eller Voldgiftskendelsen, skal i Mangel af anden Bestemmelse afgøres af den Ret, som har afsagt Dommen eller Voldgiftskendelsen.

Artikel 11.

Denne Overenskomst indgaas under Forbehold af den danske Rigsdags og det islandske Altings Samtykke.

Artikel 12.

Denne Overenskomst træder i Kraft, naar den, efter at henholdsvis den danske Rigsdags og det islandske Altings Samtykke foreligger, er blevet godkendt af de to Regeringer. Om denne Godkendelse oprettes der en Protokol.

Overenskomsten gælder for en Tid af 20 Aar regnet fra dens Ikrafttræden. Saafremt den ikke bliver opsagt senest 2 Aar før Udgangen af nævnte Tidsrum, skal den gælde for yderligere 20 Aar og skal ogsaa fremtidig anses forlænget for

verður ekki sagt uppp minnst tveimur árum fyrir lok líðandi 20 ára tímabils.

Deilur, sem við lok gildistíma samningsins sæta dóms- eða gerðardómsmeðferð samkvæmt þessum samningi, skulu útkljáðar á þann hátt, er hann mælir fyrir um.

Samið í tveimur eintökum.

Gert á Þingvöllum 27. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Tidsrum paa 20 Aar, saafremt den ikke bliver opsagt mindst 2 Aar før Udgangen af den nærmest forudgaaende Tyveaarsperiode.

Tvistigheder, som ved Udløbet af Overenskomstens Gyldighedstid er Genstand for Doms- og Voldgiftsbehandling efter denne Overenskomst, skal færdigbehandles i Overensstemmelse med Overenskomstens Bestemmelser.

Udfærdiget i to Eksemplarer.

Sket paa Tingvalla den 27. Juni 1930.

Th. Stauning.

Samþykki Alþingis að samningum þessum, var gefið á þingfundi, sem haldinn var að Þingvöllum hinn 27. júní 1930.

Skipzt var á staðfestingarskrám í Kaupmannahöfn hinn 24. marz 1931, skv. auglýsingu forsætisráðherrans nr. 78, dags. 20. ágúst 1931.

Nr. 200. *Reykjavík, 18. maí 1934.*

Samkomulag um hversu vissar ræðismannagerðir, er varða siglingar ríkjanna, skulu framkvæmdar.

Overenskomst om Fremgangsmaaden med Hensyn til Söforhör m.v. og Udförelse af forskellige konsulære Tjenestehandlinger, med Hensyn til Skibe.

II.

Erindi forsætisráðherra Íslands til sendiherra Danmerkur.

Forsætisráðherrann.

18. maí 1934.

Herra sendiherra,

Með bréfum dagsett 18. október og 10. nóvember 1920 hafa Jón Magnússon, forsætisráðherra, og J. E. Böggild, sendiherra, gert samkomulag um, að ef íslenzk yfirvöld halda sjópróf yfir eða taka á móti sjóferðaskýrslum frá dönskum skipum, þá skuli stjórnarfulltrúa Danmerkur á Íslandi fyrirfram tilkynnt, að slík sjópróf verði haldin og sjóferðaskýrslur teknar, og honum send endur-

I.

Erindi sendiherra Danmerkur til forsætisráðherra Íslands.

Danmarks Repræsentation i Island.

Reykjavik, den 18. Maj 1934.

Hr. Førsteminister,

Mellem min Forgænger, Minister Böggild, og Førsteminister Jón Magnússon blev der ved Skrivelser af 18. Oktober og 10. November 1920 truffet Aftale om, at der i Tilfælde af islandske Myndigheders Afholdelse af Söforhör over eller Modtagelse af Söforklaringer fra danske Skibe forud gives Meddelelse til Danmarks Repræsentation i Island om Berammelse af saadanne Söforhör eller

gjaldslaust endurrit af sjóprófunum og sjóferðaskýrslunum.

Milli ríkisstjórnar Íslands og Danmerkur er og samkomulag um, að ef dönsk yfirvöld halda sjópróf yfir eða taka á móti sjóferðaskýrslum frá íslenzkum skipum, þá skuli stjórnarfulltrúa Íslands í Danmörku fyrirfram tilkynnt, að slík sjópróf verði haldin og sjóferðaskýrslur teknar, og honum send endurgjaldslaust endurrit af sjóprófunum og sjóferðaskýrslunum.

Það sem hér hefir verið sagt um tilkynningu til stjórnarfulltrúa ríkjanna gildir þó því aðeins, að ekki hljótist töf af fyrir skip það, sem í hlut á.

Með tilvísun til þessa samkomulags hafið þér, herra sendiherra, með bréfi dagsettu í dag, fyrir hönd ríkisstjórnar yðar gert tillögur þær, er hér fara á eftir, um, hvernig aðrar ræðismannagerðir skulu framkvæmdar:

A) Eftirfarandi gerðir framkvæmast alltaf annaðhvort af sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn, eða af stjórnarfulltrúa Danmerkur í Reykjavík.
   1. Útgáfa bráðabirgða þjóðernisskírteina.
   2. Útgáfa siglingaskírteina og alþjóða - hleðslumerkjaskírteina, svo og útgáfa öryggisskírteina þeirra, sem alþjóðasamningurinn um öryggi á sjó, frá 31. maí 1929, fjallar um, enda verði þetta gert samkvæmt þeim reglum, sem gilda í hlutaðeigandi ríki um útgáfu slíkra skírteina utan heimalands skipsins, og samkvæmt þeim sérstöku samningum, sem gilda milli þessara tveggja ríkja um útgáfu haffæriskírteina.
   3. Ráðning og uppsögn skipstjóra.

Söforklaringer, og at der tilstilles Danmarks Repræsentation gebyrfri Udskrifter af de optagne Forhör og Forklaringer.

Mellem den danske og den islandske Regering er der ligeledes Enighed om, at der i Tilfælde af danske Myndigheders Afholdelse af Söforhör over eller Modtagelse af Söforklaringer fra islandske Skibe forud gives Meddelelse til Islands Gesandtskab i Köbenhavn om Berammelse af saadanne Söforhör og Söforklaringer, og at der tilstilles Gesendtskabet gebyrfri Udskrifter af de optagne Forhör og Forklaringer.

Dog skal det være en Forudsætning, at saadan forudgaaende Meddelelse til det paagældende Lands Repræsentation, inden Söforhör eller Söforklaring optages, ikke maa medføre nogen Forsinkelse for vedkommende Skib.

I tilslutning til denne Aftale har jeg paa min Regerings Vegne den Ære hermed at forelægge den kongelig islandske Regering følgende Forslag til Ordning med Hensyn til nedennævnte konsulære Tjenestehandlingers Udförelse:

a) Følgende Tjenestehandlinger udføres altid henholdsvis af den danske Repræsentation i Reykjavik eller af det islandske Gesandtskab i Köbenhavn:
   1. Udfærdigelse af Interims-Nationalitets-Certifikater.
   2. Udfærdigelse af Fartscertificater samt Internationale Lastelinie-Certifikater og de i den internationale Konvention af 31. Maj 1929 om Sikkerhed for Menneskeliv paa Söen ommeldte Sikkerhedscertifikater, alt i Overensstemmelse med de i vedkommende Land gældende Regler om saadanne Certifikaters Udstedelse udenfor Skibets Hjemland, samt de mellem de to Lande gældende særlige Aftaler om Udstedelse af Södygtighedspapirer.
   3) Ansættelse og Afskedigelse af Skibsförer.

4. Miðlun deilumála milli skipstjóra og skipshafnar.

B) Allar aðrar ræðismannagerðir, eins og t. d.:

1. Ráðstafanir vegna skipstranda,
2. Umönnun sjúkra sjómanna,
3. Varðveizla á munum látinna sjómanna,
4. Löggilding skipsdagbóka,
5. Áritun á þjóðernisskírteini um skipstjóraskipti,
6. Lögskráning í og úr skiprúmi,
7. Móttaka á tilkynningum um strok úr skiprúmi,

framkvæmast aftur á móti utan Reykjavíkur eða Kaupmannahafnar, af hlutaðeigandi yfirvöldum á staðnum, eða af íslenzkum eða dönskum ræðismanni, ef ræðismaður hefir verið útnefndur á staðnum. Skýrslur um þær gerðir, sem framkvæmdar hafa verið af yfirvöldunum á staðnum skulu sendar hlutaðeigandi stjórnarskrifstofum, en þaðan skulu skýrslurnar sendar til stjórnarfulltrúa hins ríkisins.

Það er samkomulag um, að gerðir þær, sem nefndar eru í B)-lið hér að ofan, og framkvæmdar eru á staðnum, skuli, þar sem íslenzkur eða danskur ræðismaður kynni að vera fyrir, aðeins framkvæmdar af ræðismanninum, en ekki einnig af yfirvöldunum á staðnum, og að réttur íslenzkra eða danskra ræðismanna til ráðstafana vegna skipstranda takmarkist af ákvæðum gildandi laga um skipströnd í ríkjunum.

Ef svo er fyrir mælt í lögum hlutaðeigandi ríkis, að gjöld skuli greiðast fyrir einhverjar gerðir þær, sem nefndar eru hér að ofan, eða fyrir aðrar þvílíkar gerðir, þá skulu þessi gjöld greiðast því yfirvaldi, sem framkvæmt hefir gerðina.

Um leið og ég lýsi því yfir að ég fallist á tillögur þær, sem hér fara á undan, leyfi ég mér að taka það fram, að ég lít svo á, að samkomulag sé hérmeð gert um

4) Afgörelse af Tvistigheder mellem Skipper og Mandskab.

b) Alle andre Tjenestehandlinger af konsulær Art, saasom f. Eks. följgende:

1) Strandingsforretninger,
2) Varetagelse af syge Söfolks Tarv,
3) Varetagelse af döde Söfolks Efterladenskaber,
4) Autorisation af Skibsdagbøger,
5) Paategning paa Nationalitetscertifikat om Förerskifte,
6) Paa- og Afmönstringer,
7) Modtagelse af Anmeldelser om Römning,

udföres derimod udenfor Köbenhavn, henholdsvis Reykjavík, af de lokale Myndigheder eller af danske, respektive islandske Konsulater, saafremt saadanne findes paa Stedet, saaledes at Indberetninger om de foretagne lokale Tjenestehandlinger sendes til vedkommende Lands Centraladministration for derfra at videresendes til det andet Lands Hovedrepræsentation.

Der er Enighed om, at de under b) omhandlede Tjenestehandlinger paa Steder, hvor der maatte findes dansk, henholdsvis islandsk Konsulat, kun kan udföres af vedkommende Konsulat og ikke tillige af de lokale Myndigheder, samt at der ikke kan tillægges de to Landes Konsulater en videregaaende Bemyndigelse til Medvirken i Strandingssager end, hvad der er hjemlet ved de respektive Landes Lovgivning, for Danmarks Vedkommende navnlig Reglen i § 8 i dansk Strandingslov af 10. April 1895.

Saafremt der efter vedkommende Lands Lovgivning oppebæres Gebyrer for enkelte af de ovenciterede Tjenestehandlinger eller andre af den her omhandlede Art, vil disse tilfalde det den paagældende Handling udförende Embede.

Idet jeg hermed har den Ære at forelægge Deres Excellence ovenstaaende Forslag, tillader jeg mig at foreslaa, at en Overenskomst mellem de respektive

ofannefnd atriði, og að það gangi nú þegar í gildi.

Bið ég yður, herra sendiherra, jafnframt vera fullvissan um sérstaka virðingu mína.

Ásgeir Ásgeirsson.

Herra
sendiherra, Fr. de Fontenay,
Stk. af I. F., K. af Dbg., D. M., p. p.
Reykjavík.

Regeringer maa anses for at være indgaaet og traadt i Kraft, saasnart jeg maatte modtage Meddelelse om, at den kongelig islandske Regering har antaget det herved stillede Forslag.

Modtag, Hr. Førsteminister, Forsikringen om min mest udmærkede Höjagtelse.

Fr. de Fontenay.

Hs. Excellence,
Hr. Førsteminister Ásgeir Ásgeirsson,
K. af Dbg., Stk. af I. F., etc. etc. etc.
Reykjavik.

Samningur þessi var birtur með auglýsingu forsætisráðherrans nr. 31, dags. 19. maí 1934.

Nr. 201. *Kaupmannahöfn 24. janúar 1939.*

Samningur til að komast hjá tvísköttun af tekjum og eignum.

Overenskomst til Ungaaelse af Dobbeltbeskatning vedrörende Indkomst og Formue.

1. gr.

Samningur þessi á því aðeins við að um íslenzka eða danska ríkisborgara sé að ræða.

2. gr.

1) Samningurinn gildir aðeins um beina skatta.
2) Sem beina skatta ber að skoða í samningi þessum skatta, sem samkvæmt löggjöf samningsríkjanna eru krafðir beinlínis af tekjum og eignum til tekna ríkinu eða sveitar- og bæjarfélögum.
3) Með beinum sköttum er sérstaklega átt við:

I. Á Íslandi:

a. Tekju- og eignarskatt til ríkisins.

b. Útsvör.

Art. 1.

Denne Overenskomst finder alene Anvendelse paa danske og islandske Statsborgere.

Art. 2.

1) Overenskomsten angaar kun direkte Skatter.
2) Som direkte Skatter i Overenskomstens Forstand anses saadane Skatter, der paa Grundlag af de kontraherende Staters Lovgivning opkræves umiddelbart af Indkomst og Formue for Statens eller de under samme hörende Kommuners Regning.
3) Som direkte Skatter anses særlig:

I. For Danmarks Vedkommende:

a. Indkomst- og Formueskat til Staten.

b. Fælleskommunal Indkomst- og Formueskat.

c. Skattar, sem lagðir eru á á sama grundvelli sem þeir, er taldir eru hér undir liðunum a—b.

II. Í Danmörku:

a. Tekju- og eignarskatt til ríkisins.

b. Sameiginlegan tekju- og eignarskatt til bæjar- og sveitarfélaga.

c. Tekjuskatt til bæjar- og sveitarfélaga.

d. Skatta, sem lagðir eru á á sama grundvelli sem þeir, er taldir eru hér undir liðunum a—c.

3. gr.

Ef skattþegn á samtímis að greiða tekju- og eignarskatt af öllum tekjum sínum og eignum, bæði á Íslandi og í Danmörku, vegna þess að hann er búsettur í báðum ríkjunum, skal lækka skattinn í báðum ríkjunum niður í helming. Það ríki, sem tekju- og eignarskatturinn eða útsvarið er hærra í, getur þó takmarkað lækkunina við þá fjárhæð, sem hitt ríkið gefur eftir af tekju- og eignarskatti eða útsvari, samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Æðstu fjármálastofnanirnar í hvoru ríkinu, á Íslandi fjármálaráðuneytið í Reykjavík, og í Danmörku stjórnardeild ríkisskattamála í Kaupmannahöfn, veita lækkun á skatti eða útsvari samkvæmt þessari grein, er umsóknir um hana berast frá skattgreiðenda.

4. gr.

Ef skattþegn er skattskyldur í öðru ríkinu, vegna búsetu þar, en á fasteign í hinu ríkinu eða rekur þar atvinnu frá fastri atvinnustöð, skal tekju- og eignarskatt eða útsvar vegna fasteignarinnar eða atvinnurekstursins aðeins leggja á í því ríki, sem fasteignin er eða atvinnan er rekin, þannig að í því ríkinu, sem skattþegn er búsettur, skal eigi við skatt- eða útsvarsálagningu tekið tillit til nefndra tekna eða eigna, en leyfilegt er

c. Kommunal Indkomstskat.

d. Skatter, der opkræves paa samme Grundlag som nogen af de under a—c nævnte Skatter.

II. For Islands Vedkommende:

a. Indkomst- og Formueskat til Staten.

b. Kommuneskat (útsvar).

c. Skatter, der opkræves paa samme Grundlag som nogen af de under a—b nævnte Skatter.

Art. 3.

I Tilfælde, hvor en Person som Følge af fast Bopæl saavel i Danmark som i Island for samme Tidsrum er undergivet Beskatning af sin fulde Indkomst og Formue i begge Stater, skal i begge Staterne den paaligned Skat nedsættes til Halvdelen. Dog kan den Stat, i hvilken det samlede Indkomstkattebelöb eller Formueskattebelöb er störst, begrænse Nedsættelsen til det Belöb, som af den anden Stat efter Reglerne i nærværende Overenskomst skal eftergives i Indkomst- eller Formueskat.

Skattenedsættelse i Henhold til denne Artikels Bestemmelser bevilges efter den skattepligtiges derom indgivne Anddragende af de överste administrative finansielle Myndigheder i hver af Staterne, for Danmarks Vedkommende Skattedepartementet i Köbenhavn, for Islands Vedkommende Finansministeriet i Reykjavík.

Art. 4.

I Tilfælde hvor en Person er skattepligtig paa Grund af Bopæl i den ene Stat, men i den anden Stat ejer fast Ejendom eller driver Erhvervsvirksomhed fra fast Driftssted, skal Indkomst og Formue vedrörende den paagældende faste Ejendom eller Erhvervsvirksomhed kun underkastes Beskatning i det Land, hvor Ejendommen er beliggende, eller Erhvervsvirksomheden drives, saaledes at der i Bopælslandet allerede ved Skatte-

samt að taka tillit til þessa, þegar tekin er ákvörðun um, hvar á skattstiga skuli reikna skatt hans eða útsvar.

5. gr.

Þegar skattþegn er skilyrðislaust skattskyldur í Danmörku vegna búsetu þar, en honum ber einnig að greiða útsvar á Íslandi af atvinnutekjum sínum frá íslenzkri skipaútgerð, vegna þess að hann stundar atvinnu á skipi, sem er skrásett á Íslandi, skal skattur til bæjar- og sveitarfélaga (útsvar) í báðum löndunum — í Danmörku einnig sameiginlegur tekju- og eignarskattur til bæjar- og sveitarfélaga — lækkaður um helming, þó með sömu takmörkun og segir í 3. gr., 1. lið 2. mgr.

6. gr.

Ef skattþegn slítur fastri búsetu í öðru ríkinu og flytur til hins, hættir hann að vera skattskyldur í því landi, er hann flutti frá, að því leyti sem skattskyldan stafar af fastri búsetu, í síðasta lagi frá þeim tíma, sem hann sannar, að á hann hafi verið lagður skattur í landi því, sem hann flutti til.

7. gr.

Ef skattþegn, sem ekki slítur búsetu í heimalandi sínu, dvelur um stundarsakir í hinu landinu vegna veikinda, náms eða til þess að afla sér framhaldsþekkingar í verklegum fræðum eða listum, án þess að reka nokkra atvinnu í dvalarlandinu, verður hann ekki skattskyldur þar, fyrr en hann hefir dvalið þar eitt ár, þannig að honum verður ákveðinn skattur í dvalarlandinu frá byrjun þess tímabils, sem hefst næst eftir að fyrrgreint dvalarár er liðið.

Námsmenn, sem dvelja í öðru samningsríkjanna eingöngu vegna námsins, skulu, enda þótt dvölin verði lengri en eitt ár, ekki verða skattskyldir í dvalarlandinu af þeim fjárhæðum, sem þeir fá frá heimalandinu til nauðsynlegs náms- og dvalarkostnaðar.

ansættelsen bortses fra saadan Indkomst og Formue, der dog skal kunne tages i Betragtning ved Fastsættelsen af den Skattesats, hvorefter Skatten beregnes.

Art. 5.

I Tilfælde, hvor en Person paa Grund af fast Bopæl i Danmark er ubegrænset skattepligtig i dette Land, men paa Grund af, at han er forhyret med et i Island indregistreret Skib, tillige i Island svarer kommunal Indkomstskat af sin Arbejdsindtægt fra det islandske Rederi, skal i begge Landene den paalignede kommunale — for Danmarks Vedkommende tillige den fælleskommunale — Indkomstskat nedsættes til Halvdelen, dog med samme Begrænsning som angivet i Art. 3, 1. Stk., 2. Pkt.

Art. 6.

I Tilfælde, hvor en Person opgiver sin faste Bopæl i det ene af Landene og flytter til det andet Land ophører hans Skattepligt i Fraflytningslandet i det Omfang, hvori den har været begrundet ved fast Bopæl i Landet senest fra det Tidspunkt, fra hvilket han paaviser at være sat i Skat i Tilflytningslandet.

Art. 7.

I Tilfælde, hvor en Person med Bevarelse af sin Bopæl i Hjemlandet af Helbredshensyn, i Studieöjemed eller af Hensyn til anden faglig eller kunstnerisk Uddannelse tager midlertidig Ophold i det andet Land uden der at udöve nogen erhvervsmæssig Virksomhed, indtræder hans Skattepligt i Opholdslandet först efter et Aars Ophold, saaledes at Skatteansættelse i Opholdslandet finder Sted fra Begyndelsen af den efter den foran ommeldte etaarige Frists Udlöb nærmest paafölgende Skatteperiode.

Studerende, som udelukkende i Studieöjemed opholder sig i en af de kontraherende Stater, skal, uanset om Opholdet udstrækkes udover et Aar, ikke underkastes Beskatning i Opholdsstaten forsaavidt angaar Belöb, som de modtager fra deres Hjemland som nödvendig Stötte til deres Ophold og Studium.

8. gr.

Komi fyrir tvísköttun, sem framangreindar greinar ná ekki yfir, er æðstu fjármálastjórnum ríkjanna heimilað að semja um hvert tilvik til þess að komist verði á sanngjarnan hátt hjá tvísköttun eða úr henni bætt.

9. gr.

Ef ágreiningur verður um skilning á samningi þessum, skal hann jafnaður með sérstöku samkomulagi milli æðstu fjármálastjórna samningsríkjanna, og er þeim einnig heimilað að semja sérstaklega í hverju tilviki um, hvort beita skuli reglum þessa samnings um ríkisborgara í öðrum ríkjum en Íslandi og Danmörku, og skal þá sérstaklega tekið tillit til þeirra, sem eru ríkisborgarar í ríkjum, sem gert hafa samning til þess að komast hjá tvísköttun bæði við Ísland og Danmörku.

10. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þegar er hann er undirskrifaður og verkar aftur fyrir sig á skattaákvarðanir í Danmörku fyrir skattárið 1936—1937 og á Íslandi fyrir skattárið 1936 og gildir þar til er annarhvor aðilja segir honum upp fyrir 1. maí, og fellur hann þá úr gildi, þegar það skatttímabil, sem þá stendur yfir í hvoru landinu um sig, er liðið.

Gert í tveim entökum í Kaupmannahöfn, 24. janúar 1939.

Sveinn Björnsson.

Art. 8.

Forsaavidt der iövrigt maatte opstaa Tilfælde af Dobbeltbeskatning, der ikke direkte omfattes af de i foranstaaende Artikler fastsatte Bestemmelser, skal de respektive Landes överste finansielle Myndigheder være beföjet til fra Tilfælde til Tilfælde at træffe saadanne Aftaler, at Dobbeltbeskatningen paa rimelig Maade afværges eller mildnes.

Art. 9.

Tvivlsspörgsmaal angaaende Fortolkningen af nærværende Overenskomst afgöres ved særlige Aftaler mellem de kontraherende Staters överste Finansmyndigheder, der ligeledes skal være beföjet til at træffe særlige Aftaler fra Tilfælde til Tilfælde om, hvorvidt de i Overenskomsten fastsatte Regler maatte kunne tillempes paa Statsborgere i andre Lande end Danmark og Island, i hvilken Henseende der særlig skal tages Hensyn til Personer, der er Statsborgere i saadanne Stater, som har truffet Overenskomst til Undgaaelse af Dobbeltbeskattning med saavel Danmark som Island.

Art. 10.

Denne Overenskomst træder i Kraft straks ved Underskrivelsen med Tilbagevirkning for i Danmark Skatteansættelserne for Skatteaaret 1936—37 og i Island Skatteansættelserne for Aaret 1936, og den forbliver gældende, indtil den inden 1. Maj opsiges fra en af Siderne til Ophör ved Udgangen af hvert af Landenes löbende Skatteaar.

Udfærdiget in duplo i Köbenhavn den 24. Januar 1939.

Th. Stauning.

Samningur þessi var birtur af forsætisráðherranum með auglýsingu nr. 4, dags. 31. janúar 1939.

Nr. 202. *Reykjavík, 9. september 1946.*

Bókun um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

Protokol om visse Foranstaltninger i Forbindelse med Islands og Danmarks Adskillelse.

Dagana 5.—12. september 1945 fóru fram samningaumleitanir í Kaupmannahöfn milli íslenzku og dönsku nefndanna um tiltekin atriði sem borin voru upp í sambandi við brottfall sambandssáttmálans frá 1918 og endanlega úrlausn þeirra mála sem þar um ræðir. Í lok samningaumleitananna varð samkomulag um, að þær skyldu aftur hefjast við fyrsta tækifæri, og að næstu viðræður skyldu eiga sér stað í Reykjavík.

Í samræmi við þessar ráðagerðir hafa nefndirnar haldið fundi í Reykjavík dagana 27. ágúst — 9. september 1946.

Við umræður þær, sem fram fóru, voru eftirfarandi mál borin upp. Svo sem sjá má af greinargerð þeirri um hin einstöku atriði, sem hér fer á eftir, hafa nefndirnar orðið ásáttar um nokkrar tillögur, en frestað að taka til frekari umræðu og úrlausnar þau mál, sem þær höfðu ekki heimild til að semja um eða útkljá. Hefir því eigi að þessu sinni tekizt að ganga frá endanlegum samningi, en þær niðurstöður, sem nefndirnar hafa orðið ásáttar um og snerta þau atriði, er eðlilega ættu heima í samningi, þ.e. þau atriði, sem um ræðir í I, II og VI, eru orðaðar þannig, að þær gætu síðar orðið liður í formlegum samningi, þegar til kæmi. Að því er snertir jafnréttisstöðu þá, sem um ræðir í I, þá er gert ráð fyrir, að lagaheimild þurfi til að koma, en samkomulag er um, að núgildandi reglur skuli haldast, meðan slík lagaheimild er ekki fyrir hendi.

I. — Áframhald jafnréttisstöðu ríkisborgaranna.

Varðandi þetta atriði hefir náðst samkomulag um eftirfarandi samningsorðalag:

„Íslenzkir ríkisborgarar, sem hinn 6. marz 1946 voru búsettir í Danmörku, og danskir ríkisborgarar, sem sama dag voru búsettir á Íslandi, halda þeim rétti, sem felst í 1. mgr. 6 gr. íslenzk-danskra sambandslaga frá 30. nóvember 1918, sbr. íslenzk lög nr. 18, 24. marz 1944, til þess að flytjast til dvalar í Danmörku og á Íslandi, og skulu þeir, meðan á þeirri dvöl stendur, njóta að öllu leyti sama réttar og ríkisborgarar þess lands, sem þeir dvelja í. Með sömu takmörkunum skal og hið sama gilda um íslenzka og danska ríkisborgara, sem búsettir voru í hinu landinu einhverntíma á síðustu 10 árunum fyrir 6. marz 1946.

Þessir aðiljar skulu undanþegnir herskyldu í hinu landinu."

Til viðbótar þessu er samkomulag um eftirfarandi bókun:

"Samningsríkin eru ásátt um, að haldnar skuli skrár yfir íslenzka og danska ríkisborgara, sem tilkynnt hafa og sannað, að þeir uppfylli þau skilyrði, sem sett eru í samningnum, fyrir jafnrétti í hinu landinu. Skrár þessar skulu á Íslandi haldnar af dómsmálaráðuneytinu, og í Danmörku af innanríkisráðuneytinu, eða af öðrum íslenzkum og dönskum yfirvöldum eftir ákvörðun nefndra ráðuneyta. Byrjað skal að halda skrár þessar í báðum löndunum eigi síðar en þrem mánuðum eftir gildistöku samningsins, og skal hver sá, sem þar er skrásettur, eiga rétt á því að fá hjá viðkomandi skrásetningaryfirvöldum vottorð um, að hann njóti jafnréttis."

II. — Endurgreiðsla útgjalda samkvæmt félagsmálalöggjöf annars landsins vegna ríkisborgara hins.

Varðandi þetta atriði hefir náðst samkomulag um eftirfarandi samningsorðalag:

"Útgjöld samkvæmt félagsmálalöggjöf annars landsins vegna ríkisborgara hins, skulu framvegis endurgreiðast."

III. — Um nýjan samning varðandi verzlun og siglingar.

Samkomulag er um, að í stað ákvæða 4. og 5. mgr. 6. gr. sambandslaganna um meðferð skipa, afurða og afreka, þurfi löndin að gera með sér samning um verzlun og siglingar, og munu nefndirnar leggja til við ríkisstjórnir sínar, að samningaumleitanir í því skyni hefjist svo fljótt sem verða má, þó eigi síðar en að ári liðnu. Þá hafa nefndirnar einnig orðið ásáttar um, að þar til slíkur samningur gengur í gildi, muni löndin í viðskiptum sínum fylgja sömu samningareglum og hingað til, sbr. 4. og 5. mgr. 6. gr. sambandslaganna.

IV. — Ríkisborgararéttur Íslendinga í Danmörku og Dana á Íslandi.

Þeir íslenzkir ríkisborgarar, er voru búsettir í Danmörku 1918, hafa ríkisborgararétt í báðum löndum. Hinsvegar fengu þeir Danir, sem búsettir voru á Íslandi 1918, ekki íslenzkan ríkisborgararétt, þegar sambandslögin gengu í gildi, né heldur eru þeir álitnir danskir ríkisborgarar af dönskum miðstjórnarvöldum.

Eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefir á síðastliðnum 28 árum, virðist málið ekki hafa ýkja mikla raunhæfa þýðingu, og er samkomulag um, að um þetta atriði sé eigi þörf á sérstökum samningum, enda megi viðkomandi menn vænta þess, sakir veru sinnar á Íslandi um margra ára bil, að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, ef þeir óska þess og að öðru leyti uppfylla hin almennu skilyrði til þess. Auk þess getur Danmörk með einhliða ráðstöfunum veitt þeim sömu réttarstöðu og dönskum ríkisborgurum.

V. — Skjöl í danska utanríkisráðuneytinu, sem snerta sérstaka íslenzka samninga o. fl.

Samkomulag er um, að afhenda skuli Íslandi frumrit samninga þeirra og annara þesshátta skjala í danska utanríkisráðuneytinu, sem Danmörk skv. 7. gr. íslenzk-danskra sambandslaga hefir gert fyrir hönd Íslands, og að Ísland hafi heimild til þess að taka afrit af skjölum, sem þýðingu kunna að hafa í þessum efnum. Viðræður um þetta mál skulu hefjast svo fljótt sem verða má milli utanríkisráðuneytisins í Kaupmannahöfn og íslenzka sendiráðsins þar.

VI. — Íslenzk-dönsku sjóðirnir.

Varðandi þetta efni hafa nefndirnar komið sér saman um eftirfarandi samningsorðalag:

"Sjóðir þeir, sem stofnaðir voru með 14. gr. íslenzk-dönsku sambandslaganna við háskólana í Reykjavík og Kaupmannahöfn, skulu framvegis starfa í því augnamiði, sem ákveðið er í sambandslögunum. Nánari reglur um stjórn þeirra og starfsemi skulu settar af stjórn hvors lands um sig."

VII. — Réttur Dana, og sérstaklega Færeyinga, til fiskveiða á Íslandi.

Danska nefndin hefir óskað eftir því, að réttindi Dana og sérstaklega Færeyinga til fiskveiða á Íslandi og við strendur þess skuli haldast. Íslenzka nefndin hefir ekki

getað orðið við þessum tilmælum, en hún mun leggja til við íslenzk stjórnarvöld, að rannsakað verði að nýju, hvort Færeyingar skuli halda tilteknum réttindum til fiskveiða.

VIII. — Réttur Íslendinga til fiskveiða við Grænland.

Í sambandi við mál það, er um ræðir í VII, hefir íslenzka nefndin óskað eftir því, að réttur Íslendinga til fiskveiða við Grænland skuli haldast. Danska nefndin hefir ekki getað orðið við þessum tilmælum, en hún mun flytja þau dönsku ríkisstjórninni ásamt beiðni um frekari athugun á aðstöðu íslenzkra fiskimanna á Grænlandi og við strendur þess.

IX. — Afhending íslenzkra handrita o.fl.

Það er vitaskuld, að sje ekki svo, að deilan sje um framkvæmd á samningi milli beggja ríkjanna, eða um rjettarneitun sje að ræða, á 1. grein ekki að eiga við um deilumál, sem kynnu að rísa upp milli þegns annarshvors ríkisins og hins samningsríkisins, þegar dómstólarnir eru bærir um eftir lögum síðarnefnds ríkis að kveða upp dóm um ágreiningsefnið.

5. grein.

Samningur þessi á að vera í gildi í 10 ár, að telja frá því, þegar skifst er á um fullgildingarnar. Fari svo, að hvorugur hinna hátingu samningsaðila hafi, 6 mánuðum áður en þetta árabil er liðið, látið í ljósi það áform sitt, að láta hann falla úr gildi, heldur samningurinn áfram að vera í gildi þangað til 6 mánuðir eru liðnir frá þeim degi að telja, er annarhvor hinna hátignu samningsaðila kynni að hafa sagt honum upp.

6. grein.

Samning þennan skal fullgilda svo fljótt sem verða má, og skal skifst á um fullgildingarnar í Kaupmannahöfn.

Gjört í Kaupmannahöfn í tveimur frumritum 20. marz 1907.

Raben-Levetzau. A. de Castro Feijó.

Skipzt var á staðfestingarskrám vegna samnings þessa í Kaupmannahöfn hinn 26. október 1908, og var samningurinn birtur með auglýsingu stjórnarráðs Íslands nr. 44, dags. 25. nóvember 1912.

Nr. 268.

Kaupmannahöfn, 9. apríl og 9. maí 1923.

Erindaskipti um verzlunarviðskipti.

Echange de notes concernant les relations commerciales.

I.

Erindi utanríkisráðherra Danmerkur til sendifulltrúa Portúgal.

Copenhague, le 9 avril 1923.

Monsieur le Chargé d'Affaires,

Dans le désir de favoriser le développement des relations commerciales entre l'Islande et le Portugal j'ai l'honneur pour l'Islande de proposer à Votre Gouvernement que les mêmes dispositions que celles contenue dans la Déclaration du 14 décembre 1896 entre le Danemark et le Portugal soient appliquées dans les rapports entre l'Islande et le Portugal aussi longtemps que les vins d'origine portugaise dont le contenu d'alcool ne dépasse pas 21% sont exemptée de la prohibition d'importation des boissons spiritueuses en vigueur en Islande. Toutefois l'Islande n'ayant pas de colonies les mots "ou de ses colonies" dans l'article II de la Déclaration et par consequent les mots qui s'y réfèrent "exportés de la métropole" devront être considérés comme non-existants en ce qui concerne les relations entre l'Islande et le Portugal.

Si les propositions du Gouvernement Royal sont acceptées par le Gouvernement de la République j'ai l'honneur de Vous proposer que la présente note et la réponse, par laquelle au nom de Votre Gouvernement Vous accepterez ces propositions, soient considérées comme constituant l'accord entre les deux Gouvernements, lequel entrera en vigueur le 25 mai prochain.

Veuillez agréer, Monsieur le Chargé d'Affaires, les assurances de ma considération très distinguée.

C. M. T. Cold

Monsieur Amadeu Ferreira d'Almeida Carvalho,
Chargé d'Affaires de Portugal.

II.

Erindi sendifulltrúa Portúgal til utanríkisráðherra Danmerkur.

LEGATION DE PORTUGAL,
COPENHAGUE.

Monsieur le Ministre, Copenhague, le 9 Mai 1923.

Afin de favoriser et d'encourager le développement des relations commerciales entre le Portugal et l'Islande j'ai l'honneur d'accepter au nom du Gouvernement de la République Portugaise les propositions du Gouvernement Royal, contenues dans Votre note du 9 Avril dernier, dans laquelle Votre Excellence propose pour l'Islande que les mêmes dispositions que celles contenues dans la Déclaration du 14 Décembre 1896 entre le Portugal et le Danemark soient appliquées dans les rapports entre le Portugal et l'Islande aussi longtemps que les vins d'origine portugaise dont le contenu d'alcool ne dépasse pas 21% soient exemptés de la prohibition d'importation des boissons spiritueuses en vigueur en Islande. Toutefois l'Islande n'ayant pas de colonies les mots "ou de ses colonies" dans l'article II de la Déclaration et par conséquent les mots qui s'y réfèrent "exportés de la métropole" devront être considérés comme non-existants en ce qui concerne les relations entre le Portugal et l'Islande.

D'accord également avec la proposition de Votre Excellence, la susdite note du 9 Avril dernier et la présente réponse seront considérées comme constituant l'accord entre les deux Gouvernements, lequel entrera en vigueur le 25 Mai courant.

Je profite de l'occassion pour vous renouveler, Monsieur le Ministre, les assurances de ma plus haute considération.

A. Ferreira d'Almeida Carvalho

Son Excellence,
Monsieur C. M. T. Cold,
Ministre des Affaires Etrangères de Danemark,
Etc., Etc., Etc.

Erindi þessi voru ekki birt, en greint var frá innihaldi þeirra í auglýsingu forsætisráðherrans nr. 63, dags. 30. desember 1924.

RÚMENÍA

Nr. 269. *Búkarest, 8. maí 1931.*

Verzlunar- og siglingasamningur.

Traité de commerce et de navigation.

1. gr.

Ísland og Rúmenía skuldbinda sig til að veita hvort öðru í öllu því, er lítur að verzlun þeirra, iðnaði og siglingum, jafngóð kjör sem þau, er veitt eru, eða veitt kunna að verða þeirri þjóð, er beztu kjörum sætir.

2. gr.

Að því er lýtur að verzlun, skal ákvæðið um beztu kjör sérstaklega ná til aðflutnings- og útflutningsgjalda og til sérhverra annara gjalda, til skilyrða, sem sett eru

fyrir innflutningi og útflutningi, til flutnings á vörum yfir og um löndin, og til banna eða tálmana á innflutningi og útflutningi, nema því aðeins að slíkar ráðstafanir séu álitnar nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi ríkisins eða almennings, eða til þess að vernda heilbrigði manna, dýra eða jurta.

3. gr.

Að því er snertir siglingar skal beztu kjara ákvæðið sérstaklega ná til hverskonar gjalda, svo og til aðgangsins fyrir skip að ferma og afferma vörur, og til allra fyrirmæla viðvíkjandi skipum og áhöfn þeirra.

4. gr.

Þjóðerni skipa ber gagnkvæmt að viðurkenna samkvæmt skjölum og skilríkjum, er þau hafa um borð, sem útgefin eru af hlutaðeigandi yfirvöldum hvors landsins um sig, samkvæmt gildandi lagafyrirmælum, og sem heimila skipi að bera flagg þess lands, er um ræðir.

Þar til gerður hefir verið sérstakur samningur um gagnkvæma viðurkenningu á mælingaskírteinum skulu skip hvors samningsaðilans ekki háð því, að framkvæmdar séu á þeim neinar nýjar rúmmælingar í höfnum hins aðilans. Siglingagjöldin skulu og ákveðin samkvæmt mælingaskírteinum útgefnum af hlutaðeigandi yfirvöldum þess ríkis, er á flagg það, sem skipið siglir undir.

5. gr.

Sérhvert samningsríkjanna mun veita ríkisborgurum hins ríkisins, svo og félögum, stofnuðum í hagsmunaskyni, beztu kjör að því er snertir aðgang að hinu ríkinu, réttinn til að eignast og eiga þar lausafé og fasteignir og að reka þar iðnað, og ennfremur að því er snertir hverskonar skatta og gjöld.

6. gr.

Ákvæðið um beztu kjör gildir ekki um atriði þau, er hér fara á eftir:

a) Um sérstök hagræðiskjör sem veitt hafa verið, eða kunna að verða veitt, aðliggjandi ríkjum, til þess að greiða fyrir flutningum á landamærunum;
b) um hin sérstöku innflutningskjör sem veitt eru til þess að greiða fyrir fjármálaviðskiptum vegna heimsstyrjaldarinnar 1914—1918;
c) um réttindi og sérréttindi, sem veitt hafa verið, eða veitt kunna að verða, einu eða fleirum aðliggjandi ríkjum í sambandi við stofnun viðskiptabandalags eða ríkjafélags um tollákvæði.

7. gr.

Samning þennan ber að fullgilda og fullgildingarskjölin skulu afhent í Búkarest undireins, og því verður við komið.

Samningurinn gengur í gildi á fimmtánda degi eftir að staðfestingarskjölin hafa verið afhent, og gildir í eitt ár eftir að honum kann að hafa verið sagt upp af öðrumhvorum samningsaðilanum.

Samin í tveimur eintökum í Búkarest, 8. maí 1931.

E. A. Biering. D. J. Ghika.

LOKABÓKUN

Undirritaðir, er hafa mætzt í dag til þess að undirrita hjálagðan verzlunar- og siglingasamning hafa orðið ásáttir um það, sem hér fer á eftir.

1. Að athugaðri afstöðu þeirri, sem samkvæmt Sambandslögunum frá 30. nóvbr. 1918 er á milli Íslands og Danmerkur, er samkomulag um, að Rúmenía getur ekki vísað til ákvæða samningsins, er hér fer á undan, til þess að krefja handa sér þau sérréttindi, sem Ísland hefir veitt, eða kann síðar meir að veita Danmörku.

Gjört í Búkarest í tveimur eintökum, 8. maí 1931.

E. A. Biering. D. J. Ghika.

Skipzt var á staðfestingarskrám vegna samnings þessa í Búkarest hinn 13. október 1931, en samningurinn var birtur með auglýsingu forsætisráðherrans nr. 80, dag. 16. október 1931.

Með erindasktpum dags. í Belgrad hinn 10. nóvemeber og Búkarest 19. nóvember 1931, var gerð breyting á 4. grein, 2. mgr. samningsins, varðandi mælingaskírteini. Þar sem Ísland er nú aðili að Oslo-samningnum um skipamælingar (Samningur nr. 65) má telja alla samninga varðandi skipamælingar vera úrelta, og hefur þeim því verið sleppt hér, og þá einnig þessum samningi.

Nr. 270. *Reykjavík, 13. apríl 1954.*

Bókun um viðræður um viðskipti.

Protokoll über Besprechungen über die Handelsbeziehungen.

Zum Zwecke der Förderung der Handelsbeziehungen zwischen ihren Ländern kamen die Delegationen über Nachstehendes überein.

1. Es wurde vereinbart, dass insbesondere nachstehend genannte Waren zum Export aus Island nach der Rumänischen Volksrepublik in Frage kommen:

Heringe, frisch gesalzen und gefroren,
Fische, frisch gesalzen und gefroren,
Fischkonserven.

Als rumänische Lieferungen nach Island kommen insbesondere nachstehend genannte Waren in Frage:

Hartholz, insbesondere Eiche und Buche,
Getreide und Futtergetreide, insbesondere Mais und Maismehl,
Mineralöl und Mineralölprodukte,
Zement,
Zikorien-Schnitte,
Obstpulpen und Trockenobst,
Sohlenleder,
Bettfedern und Daunen.

2. Die zuständigen isländischen Behörden werden Importanträge isländischer Firmen für rumänische Waren, hauptsächlich solche von den obenerwähnten, die in Island noch nicht liberalisiert sind, im Rahmen der isländischen Zahlungsmöglichkeiten, mindestens aber in der Höhe des Wertes der rumänischen Importe von isländischen Waren weitgehend berücksichtigen.

3. Die zuständigen rumänischen Behörden werden Importanträge der rumänischer Importgesellschaften für isländische Waren, hauptsächlich für solche, die oben erwähnt sind, im Rahmen der rumänischen Zahlungs-möglichkeiten, mindestens aber in der Höhe des Wertes der isländischen Import von rumänischen Waren weitgehend berücksichtigen.

4. Es besteht Einverständnis darüber, dass sich der beiderseitige Warenaustausch im Gleichgewicht halten soll.

5. Alle Zahlungen, die sich aus dem gegenseitigen Warenaustausch zwischen den beiden Ländern ergeben, erfolgen im Rahmen des heute unterzeichneten Zahlungsabkommens.

6. Dieses Protokoll tritt bei der Unterzeichnung in Kraft und ist für den Zeitraum bis 31. Dezember 1955 gültig.

Ausgefertigt in Reykjavík am 13. April 1954 in zwei Originalexemplaren in deutscher Sprache.

Für die Regierung der Republik Island.

Kristinn Guðmundsson.
Minister des Auswärtigen.

Für die Regierung der Rumänischen Volksrepublik.

M. Wulich.
Vorsitzender der Handelsdelegation der Rumänischen Volksrepublik.

Bókun þessi hefir ekki verið birt, en í auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 74, dags. 23. apríl 1954, var kunngert að bókun þessi og greiðslusamningur sá er kemur hér á eftir (nr. 271) hafi verið undirrituð. Þar var einnig gert grein fyrir helstu vörum, sem kæmu til greina í viðskiptum milli landanna.

Nr. 271. *Reykjavík, 13. apríl 1954.*

Greiðslusamningur.

Zahlungsabkommen.

Die isländische Regierung und die Regierung der Rumänischen Volksrepublik haben zur Regelung des Zahlungsverkehrs zwischen den beiden Ländern Folgendes vereinbart:

Art. 1.

Dieses Abkommen umfasst alle Zahlungen für:

a. Warenlieferungen von Island nach der Rumänischen Volksrepublik sowie von der Rumänischen Volksrepublik nach Island.
b. Transport- und Versicherungsspesen, Seefracht und andere Nebenkosten im Zusammanhang mit dem Warenaustausch,
c. andere Kosten, die sich aus Handelsoperationen ergeben,
d. sonstige Zwecke, welche mit gegenseitigem Einverständnis zugelassen sind.

Art. 2.

Die im Artikel 1 erwähnten Zahlungen werden in Island durch die Landsbanki Islands und in der Rumänischen Volksrepublik durch die Staatsbank der Rumänischen Volksrepublik erfolgen.

Zu diesem Zweck werden die beiden Banken sich gegenseitig auf isländische Kronen lautende Konten eröffnen.

Diese Konten werden zins- und spesen-frei sein.

Art. 3.

Die Zahlungen für Warenlieferungen als auch die betreffenden Nebenspesen werden zu den Bedingungen, wie in den Abschlüssen zwischen den Käufern und Verkäufern vorgesehen, erfolgen.

Falls die Zahlungen auf Grund von dokumentären Akkreditiven erfolgen, werden die entsprechenden Beträge zur Deckung der eröffneten Akkreditive dem Konto des Exportlandes sofort gutgeschrieben.

Art. 4.

Zur Erleichterung der Zahlungen über die im Artikel 2 erwähnten Konten gewähren sich die beiden Banken gegenseitig einen zinsfreien technischen Kredit bis zur Höhe von isländischen Kronen 1.500.000.

Falls zu irgend einem Zeitpunkt eine Überschreitung der erwähnten Kreditgrenze stattfinden sollte oder zu erwarten ist, werden Vertreter der vertragsschliessenden Parteien ohne Verzögerung Verhandlungen aufnehmen zwecks Ausgleich der Überschreitung durch Warenlieferungen.

Art. 5.

Die nicht auf isländische Kronen lautenden Verbindlichkeiten sind nach der am Tage der Einzahlung des Schuldners bei seiner Bank bestehenden offiziellen Parität der in Frage kommenden Währung und der isländischen Krone umzurechnen.

Art. 6.

Falls die Goldparität der isländischen Krone, d. h. isländische Kronen 18.326.90 für 1 kg Feingold, sich ändert, wird der Saldo auf den Konten am Tage der Änderung entsprechend berichtigt.

Eine entsprechende Berichtigung wird für diejenigen dokumentären Akkreditivbeträge Stattfinden, die dem erwähnten Konto vor der Paritätsänderung belastet wurden, jedoch nach der Paritätsänderung als unbenutzt storniert wurden.

Art. 7.

Die Landsbanki Islands und die Staatsbank der Rumänischen Volksrepublik werden sich über die zur Durchführung der Zahlungsbestimmungen dieses Abkommens erforderlichen technischen Massnahmen verständigen.

Art. 8.

Nach Ausserkrafttreten dieses Abkommens finden seine Bestimmungen weiterhin Anwendung bis zur völligen Regelung der während seiner Gültigkeit abgeschlossenen von den zuständingen Behörden beider Parteien genehmigten Geschäfte.

Sechs Monate nach Ausserkrafttreten dieses Abkommens wird der Stand der Konten festgestellt. Sollte dann ein Debetsaldo verbleiben, ist der Schuldner verpflichtet, denselben innerhalb von sechs Monaten durch zusätzliche Warenlieferungen im gegenseitigen Einvernehmen zu decken. Hat der Schuldner seine Verpflichtung in dieser Hinsicht nicht erfüllt, ist der Gläubiger berechtigt den Ausgleich des Saldos in USA-Dollars oder in einer andern Währung, laut Vereinbarung der Parteien, zu verlangen.

Dieser Ausgleich soll zum Mittelkurs der vereinbarten Währung erfolgen.

Art. 9.

Dieses Abkommen tritt bei der Unterzeichnung in Kraft und ist für den Zeitraum bis 31. Dezember 1955 gültig.

Ausgefertigt in Reykjavik am 13. April 1954 in zwei Originalexemplaren, in deutscher Sprache.

Für die Regierung der Republik Island.

Kristinn Guðmundsson.
Minister des Auswärtigen.

Für die Regierung der Rumänischen Volksrepublik.

M. Wulich.
Vorsitzender der Handelsdelegation der Rumänischen Volksrepublik.

Greinargerð um samning nr. 270, á einnig við um samning þennan.

Nr. 272. *Búkarest, 20. nóvember 1956.*

Viðbótarbókun við bókun dags. 13. apríl 1954.

Additional Protocol to the Protocol concluded on April 13th, 1954.

ADDITIONAL PROTOCOL

to the Protocol concerning the results of the discussions held between the delegations of the Republic of Iceland and of the Rumanian People's Republic, concluded in Reykjavik on April 13th, 1954, and the Payments Agreement concluded in Reykjavik on April 13th, 1954.

Further to the discussions which took place in Bucharest between the Minister of Iceland in the Rumanian People's Republic and the Minister of Foreign Trade of the Rumanian People's Republic, it was agreed that the validity of the above mentioned Protocol and Payment Agreement will be extended to the 31st of December 1957, being understood that in future these documents should be considerated prolonged for new periods each of one year, if neither party will have given notice three months before the date of expiry.

Done in Bucharest, on November 20th, 1956, in two copies in the English language.

On behalf of the Government of the Republic of Iceland.
Extraordinary Envoy and Plenipotentiary

Minister in the Rumanian People's Republic.

Pétur Thorsteinsson.

On behalf of the Government of the Rumanian People's Republic.

Minister of Foreign Trade.

Marcel Popescu.

Bókun þessi var auglýst með auglýsingu nr. 101, dags. 28. desember 1956 og þar skýrt frá innihaldi hennar.

SAN MARÍNÓ

Nr. 273.

Hinn 17. og 23. desember 1953 var með erindum sendiherra Íslands og sendifulltrúa San Marínó í París gert samkomulag milli Íslands og San Marínó um afnám vegabréfsáritana, segir í auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 9, dags. 9. febrúar 1954.

SÓVÉTRÍKIN

Nr. 274. *Moskva, 25. maí 1927.*

Samkomulag snertandi verzlunar- og siglingaviðskipti.

Agreement relating to Commerce and Navigation.

I.

Erindi sendifulltrúa Danmerkur til utanríkisráðherra Sovétríkjanna.

Sendiráð Danmerkur

Moskva, 25. maí 1927.

Herra,

Með því að ríkisstjórn Íslands og Sambandsríki hinna Sócialistisku Soviet Lýðvelda er hugleikið að koma á nánum verzlunarviðskiptum milli Íslands og Sambandsríkis hina Sócialistisku Soviet Lýðvelda, hefi ég þann heiður að skýra yður frá, að íslenzka ríkisstjórnin er reiðubúin að annast um, að vörur og skip sambandsríkisins, ríkisborgarar þess og félög (juridiskar persónur) skulu, í sérhverju efni á Íslandi njóta sömu réttinda, hlunninda og ívilnana, sem Ísland hefir veitt eða kann að veita vörum, skipum, ríkisborgurum eða félögum nokkurrar annarar þjóðar, enda verði Ísland aðnjótandi sömu réttinda af hálfu sambandsríkisins.

Fyrgreind ákvæði skulu ekki ná til:

a) Réttinda, hlunninda eða ívilnana, veitt af öðrum hvorum aðilanum ein-

Moscow, May 25, 1927.

Sir,

It being the desire of the Icelandic Government and of the Government of the Union of Soviet Socialistic Republics to establish close commercial relations between Iceland and the Union of Soviet Socialistic Republics I have the honour to inform you that the Icelandic Government is prepared to undertake, on condition of reciprocity, that goods and ships of the Union as well as citizens and corporations (juridical persons) of the Union in every respect shall enjoy in Iceland the same rights, privileges and facilities which Iceland has granted or may grant to goods, ships, citizens or corporations of any other country.

The foregoing stipulations will not be applicable to:

a) the rights, privileges and facilities granted by either of the Parties ex-

vörðungu ríkjum, sem hafa viðurkennt stjórn sambandsríkisins de jure fyrir 14. febrúar 1924.

b) Sérstakra hlunninda, sem sambandsríkið hefir veitt löndum, er liggja að því, í Asíu.

c) Strandferða (cabotage).

Að athuguðu sambandi því, sem er á milli Íslands og Danmerkur samkvæmt dansk-íslenzkum sambandslögum frá 30. nóvember 1918, er það talið sjálfsagt, að fyrgreind ákvæði veiti ekki sambandsríkinu rétt til þeirra sérstöku hlunninda, sem Ísland hefir veitt eða kann síðar meir að veita Danmörku.

Ríkisborgarar og félög annars aðilans skulu hafa óhindraðan aðgang að yfirvöldunum og að dómstólum hins aðilans, hvort heldur sem sækjandi eða verjandi.

Ákvæði erindis þessa skulu ganga í gildi nú þegar, og halda áfram að vera í gildi þangað til samkomulaginu kann að verða sagt upp af öðrum hvorum aðilanna með sex mánaða fyrirvara.

Ég leyfi mér að fullvissa yður um sérstaka virðingu mína.

Torp Pedersen.
Chargé d'Affaires a. i.

Herra Maxim Litvinoff,
trúnaðarmaður þjóðarinnar í
utanríkismálum.

clusively to countries, which have recognised the Government of the Union de jure before February 14th 1924,

b) the special benefits accorded by the Union to states bordering on the Union in Asia,

c) the rights of the coasting trade (cabotage).

In view of the relations existing between Iceland and Denmark based on the Danish-Icelandic Union Act of November 30th, 1918, it is understood, as a matter of course, that the foregoing stipulations shall not entitle the Union of Soviet Socialistic Republics to claim the special benefits which have actually been granted, or which may hereafter be granted, by Iceland to Denmark.

The citizens and corporations of one of the Parties shall have free access to the tribunals of the other Party, either as plaintiff or as defendant, and also to the authorities.

Effect will be given immediately to the undertaking contained in this note and will continue to be so given until the arrangement may be terminated by either of the Parties by giving six months notice.

Accept, Sir, my expressions and highest consideration.

Torp Pedersen.
Chargé d'Affaires a. i.

Mr. Maxim Litvinoff,
People's Commissary a. i.
for foreign affaires.

II.

Erindi utanríkisráðherra Sovétríkjanna til sendifulltrúa Danmerkur.

Moscow, May 25th, 1927.

Sir,

It being the desire of the Government of the Union of Soviet Socialistic Republics and of the Icelandic Government to establish close commercial relations between the Union of Soviet Socialistic Republics and Iceland, I have the honour to inform you that the Union of Soviet Socialistic Republics is prepared to undertake, on condition of reciprocity, that Icelandic goods and ships as well as Icelandic citizens and corporations (juridical persons) in every respect shall enjoy in the Union of Soviet

Socialistic Republics the same rights, privileges and facilities which the Union has granted or may grant to goods, ships, citizens or corporations of any other country. The foregoing stipulations will not be applicable to:

[Hér er sleppt orðréttum kafla úr erindinu hér á undan þ. e. frá a)].

Accept, Sir, my expressions of high consideration.

M. Litvinov.

Mr. Emil Torp-Pedersen,
Danish Chargé d'Affaires a. i.
Moscow.

Með auglýsingu forsætisráðherrans nr. 77, dags. 12. nóvember 1929 var birt ofangreint bréf sendifulltrúa Danmerkur á ensku og með íslenzkri þýðingu. Þar var þó ekki birt svarbréf utanríkisráðherra Sovétríkjanna.

Nr. 275. *Moskva, 1. ágúst 1953.*

Viðskipta- og greiðslusamningur.

Agreement on Trade and Payments.

The Government of Iceland and the Government of the Union of Soviet Socialist Republics for the purpose of developing the trade and regulating the payments between Iceland and the Union of Soviet Socialist Republics have agreed as follows:

Article 1.

During the life of this Agreement the trade between Iceland and the USSR shall be carried out in accordance with lists of goods which shall be agreed upon between both Governments for each Agreement year and shall be set forth in special Protocols.

Each Government undertakes to take all necessary measures in order to ensure the proper execution of deliveries in accordance with the said lists. The appropriate agencies of both Governments shall, in particular, issue, whenever required, export and import licences for goods within the limits of agreed quotas.

Article 2.

Deliveries of goods during the period from the 1st of August 1953 until the 31st of July 1954 shall be made in accordance with the lists 1 and 2 annexed hereto.

Article 3.

Both Governments shall favour as far as possible and upon mutual consent exports and imports of goods, the quantities and value of which exceed the limits of quotas provided for in the above-mentioned lists or of those goods which are not included in these lists.

Article 4.

The Soviet foreign Trade organisations, on one part, and Icelandic juridical and physical persons, on the other part, shall enter into commercial transactions between them for deliveries of goods under this Agreement.

None of the stipulations of this Agreement can be interpreted in such a way as

to give the right of obtaining import or export licences in Iceland or in the USSR to firms or individuals not entitled to such licences under the regulations in force in the above mentioned countries.

Article 5.

Payments between Iceland and the USSR shall be made in the USSR through the State Bank of the USSR and in Iceland through the National Bank of Iceland. For these purposes the National Bank of Iceland and the State Bank of the USSR shall open to each other special non-interest accounts in Icelandic kronur to operate on terms provided for in Article 6 of this Agreement.

Article 6.

The amounts paid in by legal or physical persons residing in the USSR in favour of legal or physical persons residing in Iceland shall be credited to the account of the National Bank of Iceland opened with the State Bank of the USSR. Upon receipt of an advice that their account has been credited the National Bank of Iceland notwithstanding any sum being available on the account shall immediately pay these amounts to persons to which they are due, charging accordingly the account of the State Bank of the USSR opened with the National Bank of Iceland.

The amounts paid in by legal or physical persons residing in Iceland in favour of legal or physical persons residing in the USSR shall be credited to the account of the State Bank of the USSR opened with the National Bank of Iceland. Upon receipt of an advice that their account has been credited the State Bank of the USSR notwithstanding any sums being available on the account shall immediately pay these amounts to persons to which they are due, charging accordingly the account of the National Bank of Iceland opened with the State Bank of the USSR.

Article 7.

The credit balances of the accounts referred to in Article 5 of this Agreement shall not exceed 10 (ten) million of Icelandic kronur.

Should these credits balances exceed this amount the Governments shall communicate with each other in order to balance this excess.

It is agreed that the Creditor-Party may request the settlement of the balance in excess of 10 million of Icelandic kronur either by remittance of pounds sterling, or by deliveries of goods agreed upon between the Parties.

The rate of exchange of Icelandic kronur to the pound sterling shall be the average rate of the National Bank of Iceland on the date of payment.

Article 8.

If the par value of the Icelandic krona (0,0951359 grams of fine gold in one krona) will be modified, the balance accrued to the accounts referred to in Article 5 of this Agreement shall be automatically changed pro rata on the date when the price of gold is modified.

Article 9.

The National Bank of Iceland and the State Bank of the USSR will establish by mutual agreement the technical procedure for the settlement of payments under this Agreement.

Article 10.

The provisions of Articles 5 and 6 of this Agreement apply to the following payments:

a) payments for goods delivered under this Agreement;

b) payments for ocean freight and expenses connected with the chartering of vessels as well as for expenses borne by Soviet and Icelandic vessels in the ports of both countries, including disbursement expenses and expenses for repair;
c) other payments, connected with commercial operations;
d) payments connected with the maintenance of the Legation of Iceland in the USSR and of the Legation of the USSR in Iceland;
e) other payments agreed upon between the Banks, referred to in Article 5.

Article 11.

Should any payments provided for in Article 10 of this Agreement be fixed in currency other than Icelandic kronur, these sums shall be converted in to Icelandic kronur at the average rate of exchange of the National Bank of Iceland on the date of payment.

Article 12.

Upon the expiration of this Agreement the National Bank of Iceland and the State Bank of the USSR shall continue to receive the sums accruing to the accounts referred to in Article 5 and effect payments provided for by this Agreement from these accounts for all transactions which may have been concluded during the life of the Agreement. Provided that if a debt accrues to one of the accounts referred to in Article 5 the Debtor-Party undertakes to settle this debt by supplementary mutually agreed deliveries of goods in a six month period beginning from the date when the final sum of the indebtedness is fixed.

If this debt is not settled within the above period by deliveries of goods the Debtor-Party shall liquidate it by payment in pound sterling.

Article 13.

This Agreement shall enter into force on the date of signature and shall remain in force for a period of two years. If neither of the Parties notifies of its intention to denounce it the Agreement shall remain in force until one of the Parties denounces it with three months notice.

Done in Moscow the 1st August 1953 in two copies in English language.

On behalf of the Government of Iceland.

Pétur Thorsteinsson.

On behalf of the Government of the Union of Soviet Socialistic Republics.

V. Spandarian.

Með samningi þessum fylgdu vörulistar, sem þó er sleppt hér.

Samningurinn var ekki birtur, en kunngert var að hann hafi verið undirritaður og efni hans með auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 51, dags. 10. september 1953.

Nr. 276. *Moskva, 23. janúar 1960.*

Bókun um gagnkvæmar vöruafgreiðslur.

Protocol on the reciprocal Delivery of Goods.

Ríkisstjórn Sovétríkjanna og ríkisstjórn Íslands hafa með hliðsjón af hinni jákvæðu þýðingu fyrir þróun sovézk-íslenzkra viðskipta, er langtímabókunin um gagnkvæmar vöruafgreiðslur á árunum 1957—1959 hefir haft, og með þá ósk í huga að stuðla að áframhaldandi eflingu verzlunarviðskipta milli beggja landanna á grundvelli samningsins um vöruskipti og greiðslur frá 1. ágúst 1953, orðið ásáttar um eftirfarandi:

Vöruskipti milli Sovétríkjanna og Íslands á tímabilinu frá 1. janúar 1960 til 31. desember 1962, að báðum dögum meðtöldum, skulu framkvæmast á grundvelli hjálagðra lista 1 og 2, er ákveða kvóta fyrir árlegar gagnkvæmar vöruafgreiðslur.

Þær vöruafgreiðslur, sem þessi bókun gerir ráð fyrir, skulu fara fram samkvæmt ákvæðum samningsins um vöruskipti og greiðslur milli ríkisstjórnar Sovétríkjanna og ríkisstjórnar Íslands frá 1. ágúst 1953.

Samningurinn um vöruskipti og greiðslur frá 1. ágúst 1953 heldur gildi sínu til 31. desember 1962, að þeim degi meðtöldum, og getur gildistími hans framlengzt eins og ákveðið er í 13. grein hans.

Gildistími þessarar bókunar hefst 1. janúar 1960.

Gjört í Moskva hinn 23. dag janúarmánaðar 1960 í tveimur eintökum á rússnesku og íslenzku, og skulu báðir textarnir vera jafngildir.

Í umboði ríkisstjórnar Íslands: Pétur Thorsteinsson.

Í umboði ríkisstjórnar Sovétríkjanna: M. R. Kuzmin.

Fylgiskjal með bókun
frá 23. janúar 1960.

LISTI 1

yfir vörur, er árlega skulu afgreiðast frá Sovétríkjunum til Íslands á tímabilinu 1960—1962.

Vöruheiti	Magn eða verð
Vélar og tæki, þar á meðal vegagerðarvélar (skurðgröfur, vegheflar, ámokstursvélar, jarðýtur o. fl.), málmiðnaðarvélar, rafmagnstæki, verkfæri og áhöld	3.000 þús. ísl. kr.
Bifreiðar	500 stk.
Bifreiðavarahlutir	2.000 þús. ísl. kr.
Antrasít og koks	2.000 smál.
Bensín	45.000 —
Gasolía	215.000 —
Fuelolía	135.000 —

Vöruheiti	Magn eða verð
Steypustyrktarjárn og aðrar járn- og stálvörur	8.000 —
Gaspípur	2.000 —
Jarðstrengir, alúminiumvír og aðrar alúminiumvörur	3.000 þús. ísl. kr.
Timbur	40.000 rúmmetrar
Hveiti og hveitiklíð	3.000 smál.
Rúgmjöl	3.500 —
Kartöflumjöl	350 —
Ýmsar vörur	6.000 þús. ísl. kr.

Fylgiskjal með bókun frá 23. janúar 1960.

LISTI 2

yfir vörur, er árlega skulu afgreiðast frá Íslandi til Sóvétríkjanna á tímabilinu 1960—1962.

Vöruheiti	Magn eða verð
Fryst fiskflök	30.000-32.000 smál.
Saltsíld	12.000 —
Fryst síld	P.M.
Ull	P.M.
Gærur	P.M.
Ýmsar vörur, þar á meðal ullarteppi og úlpur	6.000 þús. ísl. kr.

Bókun þessi var ekki birt en undirritun hennar og efni var kunngert með auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 11, dags. 19. febrúar 1960.

Nr. 277. *Reykjavík, 14. marz 1960.*

Samkomulag um gagnkvæma niðurfellingu gjalda fyrir ræðismannsstörf.

Agreement on Reciprocal Rescinding of Consular Fees.

I.

Erindi sendiherra Sovétríkjanna til utanríkisráðherra Íslands.

Unofficial translation.
Reykjavik, March 14, 1960.

Your Excellency,

Upon instruction from the Ministry for Foreign Affairs of the USSR I have the honour to inform you that the Government of the Union of Soviet Socialist Republics is prepared to exempt Icelandic citizens from paying consular fees for all kinds of consular actions at Soviet consular and diplomatic missions abroad and the Ministry for Foreign Affairs in Moscow provided that Soviet citizens are exempted from

paying consular fees for all kinds of consular actions at Icelandic consular and diplomatic missions abroad and the Ministry for Foreign Affairs in Reykjavik.

Accordingly, I have the honour to propose that this Note together with Your Note, indicating Your Governments's approval, shall constitute an agreement between the two Governments on this matter which may be terminated unilaterally by either Government by giving three month's notice.

I avail myself of this opportunity to assure Your Excellency of my highest consideration.

A. Alexandrov,
Ambassador Extraordinary and Plenipotentiary of the
Union of Soviet Socialist Republics to Iceland.

His Excellency,
Mr. Guðmundur Í. Guðmundsson,
Minister for Foreign Affairs of Iceland,
Reykjavik.

II.

Erindi utanríkisráðherra Íslands til ambassadors Sovétríkjanna.

March 14, 1960.

Your Excellency,

I have the honour to acknowledge the receipt of your Note of today's date reading in substance as follows:

[Hér er sleppt kafla, sem orðréttur er tekinn úr erindinu hér á undan.]

In reply, I have the honour to state that the above proposal meets with the approval of the Government of Iceland and that it is agreed that the present Note and your Note under reply constitute an Agreement between the two Governments which may be terminated unilaterally by either Government by giving three months notice.

I have the honour to renew to Your Excellency the assurance of my highest consideration.

Guðm. Í. Guðmundsson

His Excellency,
Alexander M. Alexandrov,
Ambassador Extraordinary and Plenipotentiary
of the Union of Soviet Socialist Republics,
Reykjavík.

Erindaskipti þessi hafa ekki verið birt, en efni þeirra var auglýst með auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 21, dags. 25. apríl 1960.

Nr. 278. *Reykjavík, 25. apríl 1961.*

Samningur um menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu.

Agreement on Cooperation in the Fields of Culture, Science and Technology.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna, er óska að efla menningar-, vísinda- og tæknitengsl milli þessara landa með það fyrir augum að styrkja enn vinsamlega sambúð milli íslenzku þjóðarinnar og Sovétþjóðanna, og hafa í huga óskir beggja landanna um friðsamlega sambúð, hafa ákveðið að gera samning þennan:

1. gr.

Samningsaðilar munu á allan hátt stuðla að eflingu menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu milli landanna á grundvelli meginreglanna um virðingu fyrir fullveldi, afskiptaleysi af innanríkismálum, jafnrétti og vinsamleg samskipti.

2. gr.

Samningsaðilar munu stuðla að eflingu samvinnu og samskipta á sviði vísinda, tækni, æðri menntunar, fræðslumála, leiklistar, kvikmynda, bókmennta, myndlista og hljómlistar, með því að greiða fyrir ferðum sendinefnda og einstakra fulltrúa menningarmála, vísindamanna, kennslufrömuða, stúdenta og sérfræðinga, með því að greiða fyrir ferðum listamanna til hljómleikahalds og fyrir sýningum, svo og með því að greiða fyrir þýðingum og útgáfum í báðum löndum á skáldverkum og vísinda- og tækniritum hins landsins.

3. gr.

Samningsaðilar munu, eftir því sem um semur, greiða fyrir skiptum á sendinefndum úr hópi félagssamtaka, er starfa að vináttu- og menningarsamskiptum, samtaka verkamanna, verkalýðsfélaga, æskulýðssamtaka og annarra samtaka, sem óbundin eru ríkisstjórnum, á Íslandi og í Sovétríkjum, í því skyni að öðlast reynslu af og kynnast menningar- og félagslífi hins landsins, enda taki umrædd samtök ákvörðun og framkvæmd slíkra skipta.

4. gr.

Samningsaðilar, er telja mjög þýðingarmikið, að aukning verði á ferðamannaskiptum milli landanna, þar eð slíkt tengir þjóðirnar nánari böndum, munu stuðla að ferðalögum eins margra ferðamanna til hins landsins og mögulegt er, og veita þeim hvers konar fyrirgreiðslu, er þeir ferðast með það fyrir augum að kynnast lífi, starfi og menningu þjóðanna.

5. gr.

Þær menningar-, vísinda-, íþrótta- og aðrar stofnanir, sem með slík mál fara í hvoru landi um sig, skulu undirbúa og framkvæma virkar ráðstafanir samkvæmt samningi þessum.

6. gr.

Samningur þessi gengur í gildi við undirskrift og heldur gildi sínu unz 6 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er annarhvor samningsaðili tilkynnir hinum ósk sína um að hann falli úr gildi.

Hann er gerður í Reykjavík 25. apríl 1961, í tveimur eintökum, báðum á íslenzku og rússnesku, og eru textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands. Guðm. Í. Guðmundsson.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sovétríkjanna. A. M. Alexandrov.

Samningur þessi var birtur með auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 72, dags. 25. apríl 1961.

SPÁNN

Nr. 279. *Kaupmannahöfn, 12. október 1889.*

Samningur um framsal sakamanna.

Traité d'extradition des malfaiteurs.

1. gr.

Hinir tignu samningsaðilar skuldbinda sig til samkvæmt reglum þeim, sem hjer standa síðar, að framselja hvor öðrum þá menn, nema innbornir sjeu, er dæmdir eru, ákærðir eða grunaðir fyrir að hafa framið eða átt hlutdeild í að fremja einhver af glæpaverkum þeim, er síðar getur um, og drýgð hafa verið innan takmarka þess ríkis, sem fer fram á framsalið, og saknæm eru eptir löggjöf beggja ríkja:

1. Morð, þar með talið barnsmorð, föðurmorð og eiturmorð; manndráp af ásettu ráði framið.
2. Burðareyðing, ef viljaverk er.
3. Útburður á barni, ýngra en 7 ára eða þegar það af ásettu ráði er yfirgefið í því ástandi, að það getur sjer enga björg veitt.
4. Barnsrán, svo og þá er menn leyna börnum eða nema á burt, láta þau hverfa, hafa skipti á þeim eða skjóta þeim undan.
5. Þá er maður nemur á burtu ófullveðja mann, karl eða konu.
6. Þá er maður sviptir annan frelsi sínu af ásettu ráði og gegn lögum.
7. Þá er maður raskar frelsi annars með ofbeldi eða hótunum, til þess að neyða hann til að gjöra eitthvað, þola eitthvað, eða láta eitthvað ógjört.
8. Þá er kvæntur maður eða gipt kona, gengur að eiga aðra konu eða annan mann.
9. Nauðgun.
10. Saurlifnaðarverk framið með ofbeldi eða hótunum.
11. Saurlifnaðarverk hvort sem samfara er ofbeldi eða hótan eða ekki, ef framið er á barni, stúlku eða dreng, yngra en 12 ára í Danmörku og 14 ára á Spáni, svo og ef barn á þessu reki er tælt til að fremja eða láta fremja við sig þessháttar verk.
12. Þá er menn leggja það í vana sinn að tæla til lauslætis unglinga, hvors kyns sem eru.
13. Líkamsáverkar veittir af ásettu ráði, og sem hafa í för með sjer veikindi, sem engin líkindi eru til að lækning fáist við, eða gjöra þann, sem fyrir slíku verður, um langan tíma ófæran til vinnu, eða svipta hann algjörlega notkun einhvers líffæris, eða limlesta hann mjög eða valda dauða hans, þó eigi væri til þess stofnað.

14. Gripdeild og þröngvun til fjárútláta.
15. Þjófnaður og rán.
16. Svik, stuldur úr sjálfs síns hendi og önnur svik í því, er manni er trúað fyrir.
17. Sviksamlegt gjaldþrot og svik í gjaldþrotamálum.
18. Meinsæri og falsvitni.
19. Falsskýrslur mats- og virðingarmanna eða rangar þýðingar eiðsvarins túlks; svo og að tæla vitni, mats- og virðingarmenn eða túlka til að gefa ranga skýrslu.
20. Skjalafals eða fals á málþráðarskeytum í sviksamlegum tilgangi eða til þess að skaða aðra, svo og vísvitandi að beita fölskum eða fölsuðum heimildarskjölum eða málþráðarskeytum í sviksamlegum tilgangi eða öðrum til tjóns.
21. Þá er menn ólöglega ónýta, skemma eða láta hverfa heimildarskjöl opinber eða einstakra manna, sje það með vilja gjört og í þeim tilgangi að baka öðrum tjón.
22. Þá er menn falsa stimpil, mark eða innsigli ríkisins eða yfirvalda, eða búa til eptirmynd þeirra, í þeim tilgangi að nota þau í stað hinna rjettu, svo og þá er menn vísvitandi nota slíka eptirmyndaða eða falsaða stimpla, mörk eða innsigli.
23. Peningafals, bæði eptirmyndan og falsan peninga og peningaseðla; svo og þá er menn vísvitandi láta úti og koma á gang eptirmynduðum eða fölsuðum peningum eða peningaseðlum.
24. Eptirmyndan og fölsun bankaseðla og annara skuldabrjefa eða annarskonar verðbrjefa, sem út eru gefin af ríkisstjórninni eða með leyfi hennar af stjettum eða fjelögum eða einstökum mönnum, svo og vísvitandi að láta frá sjer og koma á gang þessháttar eptirstældum eða fölsuðum bankaseðlum, skuldabrjefum eða öðrum verðbrjefum.
25. Brenna af ásetningi gjör.
26. Sviksamleg gjaldheimta af hendi opinberra embættismanna, og þegar þeir draga undir sig opinbert fje.
27. Þá er menn múta opinberum embættismönnum í þeim tilgangi að fá þá til að brjóta embættisskyldu sína.
28. Þessi afbrot á skipi framin af skipstjóra eða skipshöfn:
að granda skipi af ásettu ráði og ólöglega.
að láta skip stranda af ásettu ráði og ólöglega.
Mótþrói gegn skipstjóra samfara ofbeldisverkum, þegar mótþróanum er beitt eptir áðurlögðu ráði og skipverjar taka margir þátt í því.
29. Þá er menn ónýta eða skemma af ásettu ráði og ólöglega síki, stíflur eða önnur þvílík vatnsvirki, járnbrautir eða málþráðartæki; viljandi hindra ferð lestar á járnbraut með því að leggja eitthvað á hana, færa járnleggina eða undirlag þeirra úr skorðum, taka burt spormótsjárnin, eða teina, eða hafast eitthvað annað það að, sem stöðvað gæti ferð lestarinnar, eða komið henni út af brautinni.
30. Þá er menn af ásettu ráði og ólöglega brjóta eða skemma grafir, grafarmerki eða opinber minnismerki.
31. Hlutdeild eptirá, sem lýtur að því að ná í eða fela einhverja þá hluti, sem aflað hefur verið með einhverjum af þeim glæpum, sem um er rætt í samningi þessum.

Selja má og þann fram, sem tilraun gjörir til þess að drýgja áðurnefnd brot, þó því að eins, að slík tilraun sje saknæm eptir lögum beggja ríkjanna.

Nú er maður krafinn fram seldur fyrir brot, sem framið hefur verið fyrir utan takmörk þess ríkis, sem framsölu krefst, og má þó engu að síður framselja hann, ef heimild er til eptir löggjöf þess ríkis, sem framsalskröfunni er beint til, að lögsækja menn, þegar svo stendur á, til refsingar fyrir slíkt brot, þegar það hefur framið verið utan takmarka þess.

2. gr.

Vegna ákvæða 6. greinar hinna dönsku hegningarlaga, áskilur Danmörk sjer auk þessa rjett til að selja ekki af hendi útlenda menn, sem hafa fastan samstað og eru búsettir í landinu, nema því að eins, að krafan um framsal snerti afbrot, sem hinn útlendi maður hefur drýgt, áður en hann kom til Danmerkur, og sje auk þess framkomin innan tveggja ára frá því er hann tók sjer þar bólfestu.

3. gr.

Nú er maður sá, sem framseldur er krafinn, hvorki spánverskur nje danskur, og getur þá stjórn sú, sem framsalskröfunni er beint til, skýrt stjórn þess lands, er hann er frá, frá þessari kröfu, og heimti þá þessi stjórn sakborning framseldan, til þess að hann verði dæmdur af dómstólum þar í landi, getur landsstjórn sú, sem framsölu er beðin, eptir eigin geðþótta framselt hann annarihvorri hinna tveggja landstjórna.

4. gr.

Eigi skal framselja, þá er maður sá, er hin danska stjórn hefur krafið framseldan, þegar hefur ákæru sætt, en málið gegn honum verið látið niður falla, nje heldur meðan á ákæru stendur, og heldur eigi, hafi honum þegar verið hegnt á Spáni — og hins vegar eigi, þá er maður sá, er Spánarstjórn krefur framseldan, þegar hefur ákæru sætt, en málið verið síðan látið niður falla, nje heldur meðan á ákæru stendur, eða hafi honum þegar verið hegnt í Danmörku fyrir afbrot það, sem framsalskrafan rís af.

Nú stendur á lögsókn á Spáni á hendur þeim er hin danska stjórn krefur framseldan, eða í Danmörku á hendur þeim er Spánarstjórn krefur framseldan, en fyrir annað afbrot en það, er framsalskrafan er af risin, og skal þá fresta framsali þangað til lögsókn er lokið, og hann hefur sætt þeirri hegningu, sem hann kann að hafa verið dæmdur til.

5. gr.

Nú hefur sá, sem krafinn er framseldur, tekist á hendur skuldbindingar gagnvart einstökum mönnum, er framsalið bannar honum að uppfylla, og ber hann þá engu að síður fram að selja, en hinum, er tjón bíður af þessu, er frjálst að leita rjettar síns gegn honum hjá hlutaðeigandi yfirvaldi.

6. gr.

Eigi verður maður framseldur, þegar svo langt er liðið frá því er afbrotið var drýgt, eða frá því er síðast gjörðist í lögsókninni eða frá því er dómur var feldur í málinu, að ákæra eða hegning er fyrnd samkvæmt lögum í því landi, þar sem sakborningur þá er staddur, er framsals er krafizt.

7. gr.

Eigi má ákæra eða hegna hinum framselda manni fyrir neitt annað afbrot, en það, er orsök var til framsalsins, nema því að eins, að hann óneyddur gefi skýlaust samþykki sitt til þess, og stjórn sú, sem hann hefur framselt, hafi fengið vitneskju um það, eða hafi hann, eptir að hafa þolað hegning eða verið sýknaður af afbroti því, sem orsök var til framsalsins, eigi innan mánaðar farið úr landi burt eða sje aptur þangað kominn.

8. gr.

Framsals skal beiðast stjórnarleið, og verður því að eins veitt, að beiðninni fylgi í frumriti eða staðfestu eptirriti dómsákvæði, eða lögsóknarúrskurður eða vottorð fyrir því að málinu sje vísað til dómstólanna til sakamálsmeðferðar, ásamt með varðhaldsúrskurði, eða varðhaldsúrskurður einn, og skulu gjörðir þessar vera í því formi sem lög í landi því, sem framsalsins krefst, skipa fyrir, og hafa inni að

halda nákvæma skýrslu um verk það, sem maðurinn var ákærður eða dæmdur fyrir, svo og um hegningarákvæði þau, sem eiga við brotið. Framsalsbeiðni skal, ef unnt er, fylgja lýsing á manni þeim, er framsals er krafizt á.

9. gr.

Þegar brýn nauðsyn ber til, og einkum, ef hætt er við að hinn dómfeldi eða ákærði maður hlaupist undan, má með sem umsvifaminnstu móti og jafnvel með málþráðarskeyti krefjast þess og fá því framgengt, að hann verði settur í varðhald, svo framarlega sem krafan styðst við dóm, lögsóknarályktun, eða varðhaldsúrskurð, og að því tilskildu, að skjal það, sem framsalsbeiðni er byggð á, verði lagt fram innan 6 vikna frá því að hann var í varðhald settur.

10. gr.

Alla muni þá, sem eru í vörzlum þess, er krafinn er framseldur, þá er hann er í varðhald settur, og sem lagt hefur verið hald á, skal selja af hendi við stjórn þá, sem framsals krefst, um leið og hann er framseldur, og nær þetta eigi einungis til þeirra muna, sem hann hefur aflað sjer á ólöglegan hátt, heldur og til allra þeirra hluta, sem geta verið til sönnunar fyrir afbrotinu.

Þó falla eigi þarmeð burt rjettindi þau, sem aðrir kunna að hafa öðlast yfir hinum fyrgreindu hlutum, og ber því, þegar svona stendur á, að skila þeim aptur, að kostnaðarlausu, þegar málið er á enda kljáð.

11. gr.

Samningsaðilar hirða ekki um að heimta endurgoldinn kostnað þann, sem rís af varðhaldi, viðurværi eða flutningi þess manns, sem fram á að selja, eða af flutningi á munum þeim, sem um ræðir í 10. gr., til hafnar þeirrar, er skip það fer úr, er þeir fara með, eða til landamæra þess ríkis, sem framsalið hefur veitt. Þeir samþykkja hvor um sig að standa sjálfir straum af þessum kostnaði.

12. gr.

Þyki öðrum samningsaðila nauðsyn bera til í sakamáli að fá yfirheyrð vitni, sem eru innan ríkistakmarka hins aðila, eða fá einhverja aðra undirbúningsrannsókn gjörða í málinu, þá skal beiðni um það send stjórnarleið og verður hún þá tekin til greina og að farið samkvæmt lögum þar í landi, er vitnin á að yfirheyra eða rannsóknin fram að fara. Neita má að verða við þessari beiðni, þegar rannsóknin lýtur að einhverju því verki, sem eigi er talið upp í 1. grein.

Samningsaðilar hvor um sig falla frá kröfu til endurgjalds á kostnaði þeim, sem rís af því, að beiðni um vitna yfirheyrslu verður tekin til greina, en kostnað, er rís af hverskonar öðrum undirbúningsrannsóknum, skal það ríki endurgjalda, er þeirra hefur beiðzt.

13. gr.

Þyki nauðsyn til bera, að einhver komi sjálfur til þess að bera vitni í sakamáli, ber stjórninni í landi því, sem hann er í, að skora á hann að verða við beiðni þeirri, sem í þeim tilgangi verður send honum. Stjórnir beggja landa koma sjer þá saman um, hve mikla borgun sú stjórn, er beiðzt hefur tilkomu hans, skal inna honum fyrir ferðakostnað og dvöl eptir því, hve ferðin var löng og hve lengi hann var í burtu, svo og, hve mikið borga megi honum fyrirfram af þessu fje.

Nú fer einhver eptir áskorun, er hann hefur fengið í öðru ríkinu, af frjálsum

